



Heit og ljúffeng

PIZZA

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 26. október 2006 • 43. tbl. • 23. árg.

Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Tekur 106 milljóna króna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka 106 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 16 ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins og er lánið tekið til að fjármagna fjárfestingar ársins.

Jafnframt verður Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánsamninginn við Lánasjóð sveitarfélaga sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni.

– eirikur@bb.is

Skútueigendur í haustverkunum



Haustið er komið og smábátueigendur eru farnir að huga að því að koma bátum sínum á land og undirbúa þá fyrir veturinn og um leið fyrir afrek næsta sumars. Hér á myndinni má sjá þá Torfa Einarsson og Bjarna Jóhannsson á Ísafirði þrifa skútuna Lísu sem biður þess að fá að sigla aftur um höfin blá þegar sólin fer að hækka á ný.

Ísafjarðarbær dæmdur til að greiða 5,8 milljónir í skaðabætur vegna slyss

Hæstiréttur hefur dæmt Ísafjarðarbæ til að greiða tvítugum pilti tæplega sex milljónir króna í skaðabætur ásamt vöxtum vegna slyss sem hann varð fyrir á skíðasvæði Ísfirðinga fyrir rúmum fjórum árum. Með þessu sneri Hæstiréttur við dómi Héraðsdóms Vestfjarða sem sýknaði Ísafjarðarbæ af kröfu um skaðabætur ásamt Súðavíkurbreppi, sem einnig var stefnt í málinu. Pilturinn varð fyrir slysinu þegar hann var nemandi í Súðavíkurskóla og ber hann tjón sitt að hálfu leyti. Hann

hlaut 60% miska og 80% örorku. Málsatvik voru þau að pilturinn, sem þá var nemandi í Grunnskólanum í Súðavík, slasaðist alvarlega í skíðafarðalagi á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar í Tungudal. Stökk hann á skíðum af palli sem ætlaður var fyrir snjóbrettaiðkendur.

Ekki lágu fyrir í málinu greinargóðar upplýsingar um aðstæður á slyssað en vitni höfðu borið að þau hafi talið umræddan pall hættulegan bæði með tilliti til gerðar hans og staðsetningar. Var Ísafjarð-

arbær látinn bera hallann af framangreindum skorti á upplýsingum og var skaðabótaábyrgð á tjóni pilsins lögð á sveitarfélagið. Vegna eigin sakar var honum gert að bera helming tjóns síns sjálfur. Pallinum var fjarlægður eftir slysið svo fleiri færu sér ekki að voða. Eins og fram kemur í héraðsdómi er ekki að finna í gögnum málsins myndir eða uppdætti af vettvangi slyssins ef undan eru skilin mynddiskur með upptöku af stökki áfrýjanda og loftmynd af hluta skíðasvæðisins, tekin að sum-

arlagi.

Að beidni annars lögreglumanna sem komu á vettvang var palli þeim eða upphækkun sem áfrýjandi stökk af rutt niður af starfsmönnum strax eftir slysið. Taldi lögreglumaðurinn, eins og sum önnur vitni er skýrslur gáfu fyrir dómi, pallinn vera hættulegan, bæði með tilliti til gerðar hans og staðsetningar sem fólst í að renna sér á skíðum að pallinum, og stökkva af honum. Fram kom að sérstakar merkingar hafi verið einhvers staðar við umræddan pall en þær

ekki verið hendi þann dag er slysið varð. Hvorki er upplýst hvar þær voru nákvæmlega staðsettar né hvernig þeim var að öðru leyti hátt að. Að öllu þessu virtu verður stefndi Ísafjarðarbær talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda. Læknar mátu varanlega miska pilsins 60% og örorku 80%.

Ísafjarðarbær var dæmdur til að greiða piltinum tæpar 5,8 milljónir króna ásamt vöxtum. Þá þarf sveitarfélagið að greiða 600 þúsund krónur í málskostnað.

úrval

Samkaup

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Konguráttur 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800

Jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar mikilvæg samgöngubót fyrir 7000 manns

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar vera gríðarlega mikilvæga samgöngubót sem nýttast myndi 5.500 manns á norðanverðum Vestfjörðum og 1.500 manns í V-Barðastrandasýslu. Þetta segir hann í pistli á heimasíðu sinni. „Það er stóra málið við þessi jarðgöng, þau eru stórkostleg samgöngubót milli norðan- og

sunnanverðra Vestfjarða. Fyrirtæki á þessum svæðum eiga í viðskiptum. Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki eins og Gáma-þjónusta Vestfjarða sem eður öllu sorpi frá sunnanverðum Vestfjörðum í eyðingu hér í sorpbrennslunni Funa. Í dag eru samgöngurnar hindrun“, segir hann jafnframt í pistlinum.

„Fólk á þessum svæðum,

sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum þarf að sækja verslun og þjónustu. Þegar færðin er góð á sumrin hittir maður fólk af sunnanverðum Vestfjörðum sem sækir hingað til að versla í Bónus og nýta sér þá þjónustu sem hérna er boðið upp á. Við sem hér búum getum líka sótt margt í V-Barðastrandasýslu t.d. í ferðaþjónustunni.

Jarðgöng milli Dýrafjarðar

og Arnarfjarðar rjúfa einangrun sem er á milli þessara svæða og hefur ekkert breyst síðan vegur var lagður fyrir 50 árum síðan. Vegurinn á milli Þingeyrar og Vatnsfjarðar í Barðastrandasýslu er mjög slæmur og ekki fær yfir veturinn nema það sé sérlega snjólétt. Vegagerðin telur hægt að bæta veginn yfir Dynjandisheiði þannig að þar sé fært allt árið og framtíðin felur í sér að

göng verða gerð undir heiðina“

Ástæðan fyrir skrifum Halldórs var frétt í Ríkissjónvarpinu þar sem fjallað var um tilraunaboranir vegna jarðganganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Fannst honum umræðan vera svolítið villandi og vildi því leggja áherslu á mikilvægi jarðganganna. „Gerð vegganga á Íslandi má ekki vera eitthvað feimnismál

eða hafa á sér neikvæðan stimpil. Jarðgöng eru eðlilegur hluti vegagerðar, ekki síst hér á Vestfjörðum. Drífum í jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og rjúfum einangrun stærstu byggðarlaganna innan Vestfjarða – það er kominn tími til“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar á vefsíðu sinni.

– thelma@bb.is

Ný sundlaug og íþróttamiðstöð

Bæjarráði falið að gera úttekt á byggingar- og rekstrarkostnaði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að fela bæjarráði að gera úttekt á byggingar- og rekstrarkostnaði vegna nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Ísafirði.

Míða á við að úttektinni verði lokið fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007. Bæjarfulltrúar Í-listans lögðu fram tillögu þess efnis að bærinn kysi þriggja manna starfshóp til að móta tillögur um þátttöku Ísafjarðarbæjar í byggingu og rekstri nýrrar sundhallar og líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. Í greinargerð sem fylgdi tillögunni segir meðal annars að eigi framkvæmdir að geta hafist á næsta ári og verið lokið árið 2008, eins og vonir margra standa til, verði að hefjast handa nú þegar og taka stefnumótandi ákvarðanir um hlutverk Ísafjarðarbæjar í byggingu og rekstri miðstöðvarinnar. Tillagan um að fela verkið heldur bæjarráði en sérstökum starfshópi var samþykkt samhljóða. Í greinargerð sem

Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar, lagði fram með breytingartilögu um að verkið yrði falið bæjarráði segir: „Í mál-efnasamningi meirihlutflokkanna er gert ráð fyrir þátttöku Ísafjarðarbæjar í byggingu íþróttamiðstöðvar með sundlaug á Ísafirði. Einkaaðili hefur kynnt hugmyndir fyrir bæjarstjóra um slíka byggingu í einkaframkvæmd og eru þær trúnaðarmál. Meirihluti bæjarstjórnar hefur ekki skuldbundið Ísafjarðarbæ gagnvart nokkrum einstökum aðila eða starfshópi um hvaða leið skuli farin. Við verðum að gefa okkur betri tíma áður en ráðið er í framkvæmdir sem geta kostað allt að 50% af veltu sveitarfélagsins. Bæjarstjóri hefur hafið undirbúning að úttekt eins og nauðsynlegt er fyrir slíka framkvæmd.

Verður úttektin kynnt fyrir bæjarráði á næstunni svo taka megi ákvarðanir um næstu skref.“

– eiríkur@bb.is



Ísafjarðarbíó.

Sjóræningjaútgáfur draga úr aðsókn að Ísafjarðarbíói

Aðsókn í Ísafjarðarbíó hefur verið dræm í sumar og segir Steinþór Friðriksson, framkvæmdastjóri að þar spili stórt hlutverk sjóræningjaútgáfur mynda sem hægt er að ná í á internetinu. „Þetta hefur verið mjög lélegt síðan um mitt sumar, og það eru bara þegar stóru myndirnar koma sem fólk lætur sjá sig í bíó. Mesta aðsóknin er eftir áramót þegar við sýnum jólamyndirnar en

eftir það fer það algjörlega eftir myndunum“, segir Steinþór.

„Fólk er mikið búið að sjá myndirnar þegar þær koma í bíó eftir að hafa nælt sér í þær á netinu. Kvikmyndahúsin í Reykjavík eru oft sein til að sýna myndirnar og þegar við fáum þær 2-3 vikum eftir það eru svo margir búnir að sjá þær. Það er skondið að fólkið sem oft er að biðja um ein-

hverjar sérstakar myndir lætur svo ekkert sjá sig þegar þær sýndar.“ Það er þó ekki að heyra á Steinþóri að hann sé að örvænta vegna lélegrar aðsóknar. „Við erum full af bjartsýni og framhaldið lítur vel út þar sem við erum að fá stórar myndir eins og Mýrina og James Bond.“

Ísafjarðarbíó er elsta starfandi kvikmyndahús á Íslandi, en fyrsta kvikmyndasýningin

í Alþýðhúsinu var þann 23. nóvember 1935. Gæði kvikmyndasýninga snúast að miklu leyti um tækni sýningarvéla og hljómburð. Ísafjarðarbíó hefur alltaf kappkostað að fylgjast vel með í þeim efnum. Strax 1940 voru keyptar nýjar vélar til kvikmyndasýninga og alltaf síðan hafa tæki og tól verið endurnýjuð eftir því sem sýningar- og hljómtækni hefur fleygt fram. – thelma@bb.is

Ísfirskar söngkonur með norræna tónleika

Ingunn Ósk Sturludóttir mezzósópran og Guðrún Anna Tómasdóttir píanóleikari halda tónleika í Hömrum á Ísafirði í kvöld. Dagskráin samanstendur af norrænni tónlist. Þær munu flytja ljóðaflokkinn Haugtussa op. 67 eða Stúlkan á heiðinni eftir Edward Grieg, ljóðasöngva eftir Jean Sibe-

lius auk íslenskra sönglaga eftir Sigvalda Kaldalóns, Jón Þórarinnsson, Atla Heimi Sveinsson og Jórinni Viðar.

Þær hafa gert víðreist með þetta prógram, en í maí héldu þær nokkra tónleika í Hollandi við afar góðar undirtektir og eru nýkomnar úr vel heppnaðri tónleikaferð frá Kanada. Þar voru þær í boði íslensku-



Ingunn Ósk Sturludóttir.



Guðrún Anna Tómasdóttir.

deildar Manitoba University og íslenska konsúlatsins í Winnipeg, og komu fram á alþjóðlegri ráðstefnu sem bar yfirskriftina Women and knowledge“ eða „Konur og þekking“ og héldu auk þess tónleika í Gimli sem er nokkurs konar höfuðstaður Vestur-Íslendinga á Winnipegssvæðinu. Þær Ingunn og Guðrún hafa

starfað saman síðan 1992 frá því þær voru báðar í námi við Sweelinck Tónlistarháskólann í Amsterdam. Ingunn er Ísfirðingum af góðu kunn og Guðrún Anna er barnabarn Jónasar gamla Tómassonar og systir Jónasar Tómassonar tónskálds og því af ísfirsku bergi brotin. – thelma@bb.is

Lagt til að samið verði við Spýtuna ehf. um framkvæmdir við félagsmiðstöðina

Spýtan ehf., á Ísafirði átti lægsta tilboð í framkvæmdir við húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Sundhallarhúsinu á Ísafirði en tilboð í verkið voru opnuð fyrir stuttu. Tilboð Spýtunnar hljóðaði upp á rúmar 19,3 milljónir króna, eða 90,4% af kostnaðaráætlun sem var 21,4 milljónir króna. Næst lægsta tilboðið var frá Vestfirskum Verktökum ehf., upp á 24,2 milljónir króna og G7 ehf. bauð ríflega 28,1 milljón króna, sem er 131,5% af kostnaðaráætlun. Verkefnisstjóri tæknideildar Ísafjarðar-

arbæjar, Jóhann Bæring Gunnarsson, kynnti útboðið fyrir bæjarráði og lagði til að gengið yrði til samninga við lægstbjóðanda, Spýtuna ehf., um framkvæmdirnar. Bæjarráð tók í sama streng og kom með sömu tillögu við bæjarstjórn, sem að líkindum kemur næst saman 2. nóvember nk.

Félagsmiðstöðin verður í kjallara Sundhallarinnar á Ísafirði í vetur, ásamt Dægradvöl og tengdri starfsemi, að loknum framkvæmdum sem ætlaðar eru til að laga húsnæðið að þörfum starfseminnar. Þess

má geta að félagsmiðstöðinni er ætlað framtíðarhúsnæði á efri hæðum hússins, en þar verður kennsla í vetur. Kjallari Sundhallarinnar var síðast notaður sem aðstaða fyrir leikhús vinnuskólans, Morrann.

Alls höfðu ríflega tugur staða verið skoðaður undir félagsmiðstöðina. Þar til framkvæmdum lýkur er félagsmiðstöðin til húsa í Gamla Apótekínu. Sundfélagið Vestri var með kjallara Sundhallarinnar á leigu, en var sagt henni upp.

— eirukur@bb.is



Sundhöllin á Ísafirði.

Síminn styrkir Nemendafélag MÍ

Síminn og Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði hand-söluðu styrktarsamning á föstudag sem felur í sér að Síminn styrkir NMÍ með því að taka þátt í þeim símakostnaði sem þau þurfa annars að leggja út fyrir. „Þetta þýðir að við hringjum frítt á milli í stjórn félagsins og síðan fáum við afslátt af ákveðinni inn-eign líka. Þetta er alveg frábært fyrir okkur og rausnarlegt af Símanum að gera þetta. Það munar miklu fyrir okkur að þurfa ekki að punga út úr eigin vasa þegar við erum að hringja á í stjórninni“, segir Guðgeir Arngrímsson, formaður Nemendafélagsins.

Samningurinn miðast við setu stjórnarinnar. NMÍ er það fjórtándi í röðinni sem Síminn



Steingrímur Guðmundsson verslunarstjóri Símans á Ísafirði handsalar samninginn Guðgeir Arngrímsson auk fulltrúa nemendafélags Menntaskólans.

styrkir með þessum hætti en með því vill fyrirtækið auðvelda öll þau samskipti sem meðlimir nemendafélaganna þurfa að vera í til að halda úti öflugum starfi. Nemendafélagið hefur í nógu að snúast um þessar mundir er útvarpsstöð

menntskælinga er að fara í loftið í næstu viku í samstarfi við útvarpsstöðina Flass FM auk þess sem undirbúningur er hafinn af fullum krafti fyrir Skrallið sem haldið verður 3. nóvember.

— thelma@bb.is

Samdráttur í afla en aukning í aflaverðmæti

Alls var 23.464 tonnum af afla landað á Vestfjörðum fyrstu sjö mánuði ársins 2006, og er það nokkuð minna en árið áður, þegar 27.587 tonn komu á land á Vestfjörðum, og er það samdráttur upp á 15%. Ekki segir það hins veg-

ar alla söguna því nokkuð betra verð hefur fengist fyrir aflann fyrstu sjö mánuðina í ár en fyrstu sjö mánuðina í fyrra.

Þannig var aflaverðmæti áðurnefnds afla í ár 2.365 milljónir, en aflinn í fyrra var

að verðmæti 2.279 milljónir króna, og er aukning aflaverðmætis milli ára því upp á 3,75%. Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands, og eru tölur fyrir árið 2006 bráðabirgðatölur úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum.

Fékk æðiskast og réðst á bíla

Talsverð ölvun mun hafa verið á nokkrum aðilum á Ísafirði um síðustu helgi og kom lögreglan á Ísafirði meðal annars að manni um kl. 4 aðfaranótt laugardags sem var í æðiskasti við Hafnarstræti. Mun maðurinn hafa ráðist á bíla sem lagt hafði verið við götuna

og skemmdir að minnsta kosti einn þeirra. Ölvunaræði mannsins var svo mikið að lögregla mun hafa átt illt með að eiga við hann. Neyddust lögreglumenn til að setja hann í járn og flytja í fangageymslur þar sem hann svaf úr sér en gaf skýrslu um athæfi sitt að svefni loknum. Má búast við að þetta háttarlag mannsins eigi eftir að kosta

hann umtalsvert fé. Þá þurfti lögreglan að fara í tvö heimahús og hafa afskipti af ölvuðu heimilisfólki.

Ábendingar bárust til lögreglu vegna ungmenna sem sögð voru stödd inni á skemmtistöðum bæjarins án þess að hafa aldur til. Við eftirgrennslan lögreglu kom hins vegar ekkert slíkt í ljós.

Útsala!

Útsala og tilboð á völdum vörum!

HÚSGAGNALOFTIÐ
SÍMI 456 4566 • SKEIDI 1 • 400 ÍSAFJÖRDUR

Þjónustustarf

SKG veitingar á Hótel Ísafirði óska eftir að ráða starfskraft (þjón) í veitingasal. Um vaktavinnu er að ræða.

Góð laun í boði fyrir góðan starfskraft.

Nánari upplýsingar gefur Karl í síma 895 0292 frá kl. 9-16 alla virka daga.

SKG
veitingar

BETRI! ÍSAFJÖRÐUR!

FASTEIGNAVERÐ HÆKKAR! X-ÍÐ ER KOMIÐ Á SVEIFLUTÍÐNINA 90.5

X

97.7

ANNAD ER VIÐBJÓÐUR!



120 ára

Farandleikhús Landsbankans HÁTÍÐARSTEMNING HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ

Sunnigis Brot úr sögu banka

Við fögnuðum 120 ára afmæli okkar og höldum hátíð í dóttur Landsbankans á höfði.

Fimmtudaginn 26. okt. kl. 13.00.

Veitingar í holti og allir hjartanlega velkomnir.



Landshankinn

Banki afna Landsbankans í 120 ár



Sprett laumar sé með í farandleikunni og syngur, dansar og skemmtir börnunum að söguþrángunni lokinni.



Orkubú Vestfjarða.

Fornleifavernd vill að Orkubúið færi staurasamstæðu á fornminjareit

Fornleifavernd ríkisins hefur farið fram á það við Orkubú Vestfjarða að það færi staurastæðu sem stendur í fornminjareit í Öndarfirði til þess að milda áhrif framkvæmdarinnar, en að sögn Kristjáns Haraldssonar, orkubússtjóra, er ekki víst að farsælasta lausnin verði flutningur stæðunnar. „Við munum vinna þetta í samráði við fornleifavernd, en það er mitt mat að það kunni að valda meiri röskun á svæðinu að flytja stæðuna en að leyfa henni að standa. En verði það niðurstaðan að betra sé að færa hana þá verður hún auðvitað færð“, segir Kristján. „Við eigum eftir að ræða við fornleifavernd og kjósum við að þau samskipti fari fram í mestu vinsemd. Orkubúinu þykir mjög miður að hafa farið inn á fornleifasvæði, og var það ekki

gert af ráðnum hug“. Bendir Kristján á að röskun á svæðinu sé ekki mjög mikil, og vitnar í skýrslu minjavarðar þar sem segir orðrétt: „Minjarnar sjálfar hafa ekki orðið fyrir teljandi skemmdum við framkvæmd þessa og rannsóknargildi þeirra því lítt spillst“. Þá ítrekar Kristján að Orkubúinu þygi engu að síður mjög leitt að svona hafi farið. Staurastæðan sem stendur í Holtsseli í Bjarnardali í Öndarfirði var færð á sínum tíma sökum þess að gamla staðsetningin þótti veik, og var hún færð til þess að gera orkuflutning öruggarí á svæðinu. Orkubúið mun ekki hafa sinnt tilkynningarskyldu til Minjaverndar ríkisins áður en framkvæmdir hófust, en það er skylda samkvæmt fornminjalögum.

Mikil fjölgun brautskráðra framhalds- og háskólanema á Vestfjörðum

Brautskráðir stúdentar á Vestfjörðum skólaárið 2004-2005 voru 85 talsins, eða ríflega tvisvar sinnum fleiri en skólaárið 1995-1996, þegar 42 stúdentar voru brautskráðir. Fjölgunin á sér að mestu leyti stað á árunum frá 1999-2005, og mest frá 2003-2005, en þá fjölgar brautskráðum stúdent-

um um 20. Að meðaltali voru brautskráðir stúdentar 56,1 á tímabilinu frá skólaárinu 1995-1996 til 2004-2005. Alls voru brautskráðir nemendur á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum 155 talsins, og var fjölgun þeirra ekki jafn mikil og þegar stúdentar eru teknir sér. Brautskráðir fram-

haldsskólanemar voru 115 skólaárið 1995-1996, 134 árið eftir, 1996-1997, en einungis 97 árið eftir það, 1997-1998. Þá fjölgar þeim aftur verulega frá 1999, úr 100 í 155, og mest síðasta árið eða um 32. Að meðaltali voru brautskráðir framhaldsskólanemar á tímabilinu 121,9 talsins.

Brautskráðir nemendur á háskólastigi á Vestfjörðum voru 61 skólaárið 2004-2005, og hafði fjölgað um 10 frá árinu áður. Skólaárið 1995-1996 voru þeir 36 talsins, en fæstir voru þeir á tímabilinu skólaárið 1999-2000, eða einungis 14. Þá fjölgar þeim stöðugt og örugglega til 2005.



Mjólkursamlag Ísfirðinga.

Félagsfundur MÍ samþykkir kaupatilboð MS

Félagsfundur Mjólkursamlags Ísfirðinga hefur samþykkt kaupsamning sem stjórn MÍ og stjórn Mjólkursamsölnnar gerði um kaup MS á eignum og rekstri MÍ. Kaupsamningurinn var samþykktur af stjórnum beggja samlaga með fyrirvara um samþykkt félagsfunda, og mun félagsfundur MS fjalla um málið á seinni hluta nóvember mánaðar, en félagsfundur MÍ hefur, eins og áður segir, þegar samþykkt samninginn. Að sögn Árna Brynjólfssonar, formanns stjórnar MÍ, er það metið svo að með þessum viðskiptum sé framtíð framleiðanda á svæði MÍ best tryggð og jafnframt að salan þjóni neytendum á svæðinu eins vel og kostur er. „Það sem hefur legið fyrir okkur er að tryggja tvo þætti“, segir Árni. „Annars vegar að bændur fái greitt fyrir sína framleiðslu sam-

bærilega við það sem gerist annarsstaðar á landinu, og hins vegar að þjónusta við neytendur verði ekki lakari en gengur og gerist.“ Til stendur að stofna rekstrarfélag í mjólkuriðnaði um næstu áramót með þátttöku MS, Norðurmjólkur og Ost- og smjörsölnunar og flutningi allrar mjólkurvinnslu frá Reykjavík, og verður MÍ nú væntanlega hluti af þessu rekstrarfélagi sem aðili að MS. Rekstrarfélagið á að heita Mjólkursamsalan og mun sjá um alla móttöku, framleiðslu, pökkun, markaðssetningu og sölu- og dreifingu mjólkurafurða fyrir MS, Norðurmjólk og Ost- og Smjörsölnuna. Mjólkursamlag Ísfirðinga var stofnað formlega 14. maí 1964, en hafði þá starfað á vegum Kaupfélags Ísfirðinga frá árinu 1937.

– eirikur@bb.is

■ RITSTJÓRNARGREIN

Í byrjun vetrar

Veturinn gekk í garð á laugardaginn. Honum var ekki fagnað með skrúðgöngu líkt og gert er þegar sumarið bankar upp á. Alsíða var þó áður fyrr að tekið var á móti vetri með góðum mat og síðan brugðu menn sér á dansleik. Fastur liður fyrsta vetrardag fyrri tíma. Nú er hún Snorrabúð stekkur í þessum efnum eins og svo mörgu öðru. En veturinn kemur og það ræðst hvort hann verður mildur eða harður, gjöfull til sjávarins eða ekki. Sem betur fer er það ekki í mannlegu valdi að ákvarða þar um. Hvað sem tíðarfari á komandi vetri liður fer ekki á milli mála að stormasamt er nú þegar á Alþingi og ekki líkur á að lygni á frekar stuttu þingi í aðdraganda kosninga. Margt ber þar að brunn. Uppljóstranir um leyniþjónustu eða ekki leyniþjónustu kaldastríðsáranna, fórnarlömbum símahlerana fjölgar dag frá degi, hvalveiðar og ríkisútvarpið svo fátt eitt sé nefnt. Þá má ekki gleyma prófkjörum verðandi þingmanna, hvar framboð virðist vel umfram eftirspurn. Reyndar örlar á því ennþá að notast sé við gömlu uppstillingaraðferðina sem kollvarpar gamla máltækinu, að svelti sitjandi kráka. Tvennt er áberandi í umræðunni um hvalveiðar okkar Íslendinga. Annars vegar hagsmunaráttok innlendra aðila, hvar oft hefur verið gripið til haldlítilla raka, og hins vegar dæmalaus hræsni stórþjóða á borð við Bandaríkjamenn, sem drepa árlega þúsundir hvala. Og yfir því

steinhalda Bretar (munni) og telja sig hafa efni á siðferðispredikunum í okkar garð; að ógleymdum Áströlum og hinum norrænu vinum okkar Svíum, sem enn eru að naga súra eplið sem þeir bitu óvart í við inngöngu okkar í Alþjóðahvalveiðiráðið. Alþingi Íslendinga samþykkti að heimila hvalveiðar í atvinnuskyni. Tímasetning veiðanna nú er mörgum ráðgáta. Athyglisvert er að í öllu þjarkinu á Alþingi nefnir ekki nokkur sála endurskoðun stjórnarskrárinnar einu orði; mál sem fram til þessa hefur verið talið mikilvægt margra hluta vegna. Þá bólar heldur ekki mikið á fréttum af rannsókninni á meintu ólöglegu samráði olíufélaganna. Samkeppniseftirlitið kunngerði þó nýverið útreikning sinn á hugsanlegum ávinningi Olíufélagsins af hinu meinta samráði, niðurstaða 2,7 milljarðar. Þar til dómkvaddir menn í málinu hafa aðra sögu að segja. Samkvæmt þeirra útreikningum var ávinningur Olíufélagsins í mesta lagi 1,7 milljarðar ef hann var þá nokkur! Vel má vera að reiknimeistarar geti leikið sér með þessum hætti. Hitt er deginum ljósara að almenningur kemst ekki upp með slíkar reiknikúnstir þegar kemur að verðtryggingu lánunum sem hækka með hverjum mánuðinum sem liður án þess að fá nokkru þar um ráðið. Yfir því virðist þingheimur ekki bregða svefni.

s.h.

Bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ

Vilja breyta götunöfn-um í Lundahverfinu

Bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ hyggjast leggja til að götunöfnum í hverfi því sem kallað hefur verið Lundahverfi, verði breytt „þannig að þau taki mið af sögu og landshättum hverfisins“, líkt og segir í tillöggunni. Vill Í-listinn að tveir fulltrúar verði valdir til að velja heppileg nöfn á göturnar í samræmi við þessi markmið. Lagt er til að göturnar sem nú eru kenndar við lundi (Furulundur, Hnotulundur o.s.frv.) verði þess í stað kenndar við tungur (Aratunga, Klambratunga o.s.frv.). Í greinargerð sem fylgir tillöggunni er vísað til þess að dæmi séu til um að götunöfnum hafi verið breytt, og að á Ísafirði hafi Steinsteypuhúsagata, Templaragata og Bankagata verið endurskríðar Sól-gata, Hrannargata og Mánagata á þriðja áratug síðustu aldar. Bent er á að göturnar í nýja hverfinu séu í

landi jarðarinnar Tungu, og segir að það að láta þær taka nafn af skógarlundum séu hvorki í andi sögulegrar né náttúrulegrar hefðar á svæðinu. Greinargerðin með tillöggunum fylgir hér að neðan ásamt tillögum að götuheitum:

„Götunöfn eru áberandi örnefni í þéttbýli. Götunöfn á Ísafirði, Hnífsdal og í bæjum Vestur-Ísafjarðarsýslu; Suðureyri, Flateyri og Þingeyri, falla vel að nafnahefð, landshättum og atvinnuþróun hér á landi. Þéttbýli óx upp í kjölfar vaxandi umsvifa í verslun og útgerð kringum aldamótin 1900 og með vélvæðingu bátaflotans á 20. öld. Götunöfn eins og Hafnarstræti, Fjarðarstræti, Hafnargata, Fjarðargata, Aðalstræti og Aðalgata eru orðin klassísk í íslensku þéttbýli. Nöfn eins og Túngata, Öldugata, Eyrargata, Skipagata og Skólágata

finnast í mörgum sjávarþorpum og bæjum. Önnur nöfn eins og Brimnesvegur, Bakka-vegur og Brautarholt taka mið af örnefnum sem til staðar voru á viðkomandi stöðum. Dæmi eru um að götunöfnum hafi verið breytt, og má þar nefna þvergöturnar um miðja Skutulsfjarðareyri sem áður hétu Steinsteypuhúsagata, Templaragata og Bankagata á Ísafirði voru endurskríðar á þriðja áratug síðustu aldar og fengu þá hin ágætu nöfn: Sól-gata, Hrannargata og Mánagata.

Nú hefur það gerst að götur í nýju hverfi í Skutulsfirði sem lagðar hafa verið í landi jarðarinnar Tungu hafa verið látnar taka nöfn af skógarlundum og með forskeyti hinna ýmsu trjá og runnategunda. Þessar nafngiftir eru hvorki í anda sögulegrar né náttúrulegrar hefðar á þessu landi. Á tímum og sléttum jarðarinnar Tungu



Hverfið sem hingað til hefur verið kallað Lundahverfi.

hafa ekki verið skógar eða skógarlundir um margar aldir (ef þeir hafa nokkurtímann verið þar). Jörðin Tungu er hinsvegar ævagamalt höfuðból í Skutulsfirði, jafnvel landnámsjörð. Þar var þingstaður Eyrarhrepps á 17. og 18. öld og örnefni því tengt. Þinghóll er þar. Af þessari ástæðu er lagt til að götunöfn á þessu svæði taki mið af nafni jarðarinnar Tungu og forskeyti taki mið af landshättum, búnaðarhättum, náttúrufari og sögu jarðarinnar.

Hér koma nokkur dæmi um nöfn sem hæft gætu götum í þessu nýja hverfi og fallið að markmiðum tillögunnar: Aratunga, Akurtunga, Ártunga, Ástunga, Birkitunga, Berjatunga, Bræðratunga, Daltunga, Deildartunga, Desjatunga, Engjatunga, Efritunga, Fagratunga, Fífutunga, Fremritunga, Fjörutunga, Grænatunga, Grastunga, Giltunga (Giljatunga), Hjallatunga, Hamratunga, Hreggtunga, Íðatunga, Innri-tunga, Jökultunga, Klettatunga, Kljátunga,

Klambratunga, Kolviðartunga, Lyngtunga, Ljártunga, Mótunga, Markartunga, Mýrar-tunga, Neðritunga, Nóntunga, Næfartunga, Östunga, Rjóðurtunga, Rofatunga, Rauðstunga, Startunga, Staðartunga, Seljatunga, Sjóvartunga (Sætunga), Steinatunga, Teigatunga, Tindatunga, Urðartunga, Vallartunga, Víðitunga, Ytritunga, Yrðlingatunga, Preskitunga, Þúfutunga, Þing-tunga, Öxartunga og Öldutunga.“

– eirikur@bb.is

Sturla Páll Sturluson á Ísafirði skrifar

Kjaftasögur, meinlaust gaman eða samfélagsmein?

Kæri Ísfirðingur, ástæða þess að ég varpa þessari spurningu til þín, og bið þig jafnframt í einlægni að þú svarað, er einfaldlega sú að á liðnum mánuðum hafa mér borist til eyrna óvenju rætnar kjaftasögur, bæði um sjálfan mig, sem og aðra samborgara okkar hér í bæ. Í framhaldinu hef ég jafnframt orðið vitni að því hvernig slíkar kjaftasögur hafa sært og meitt, ekki bara þær persónur sem kjaftasögurnar fjalla um, heldur fjölskyldur, aðstandendur og vini þeirra sem fyrir söguburðinum verða. Og það sem verst er, hlutaðeigendur hafa ekki nokkra möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér, því kjaftasögurnar smjúga um samfélagið undir yfirborðinu eins og eldur í sínu og sá efasemdafraejum á með-

al okkar á meðan þeim er hvíslað á milli manna. Ég er ekki að tala um sögur um pólitísk átök, atvinnumál, félagsmál eða annað það sem við erum að þrætta um dagsdaglega, heldur rætnar kjaftasögur um persónur, hagi þeirra og hegðan. Sögur sem oftar en ekki höggva nærri æru og velferð þeirra einstaklinga sem fyrir þeim verða.

Ég hef löngum haft trú á því góða í fólk og geri enn. Þess vegna er ég samfærður um að þegar að stór hluti okkar gripur þannig kjaftasögur á lofti og ber þær áfram í næsta mann, þá sé það ekki gert af illkvittni eða ótuktarskap og ég er samfærður um að í flestum tilfellum séum við algerlega ómeðvituð um við séum að valda hlutaðeigandi aðilum

þjáningum og jafn vel skaða. Ég veit að fæst okkar eru þannig innrætt að við gætum sparkað í varnarlausan liggjandi mann. Í öllum samfélögum er þó alltaf að finna illa innrætta einstaklinga sem hreinlega nærast á því að níða skoínn niður af náunganum, annars yrðu kjaftasögurnar væntanlega ekki til. En við hin, 99 prósentin, látum þessa örfáu illa innrætta einstaklinga nota okkur sem smitbera þess samfélagsmeins sem rógburður og kjaftasögur vissulega er.

Er eitthvað til ráða?

Já, svo sannanlega er eitthvað til ráða. Næst þegar þú heyrir sögur sem fjalla um persónulega hagi eða hegðan samborgara þinna, þarftu að

þhuga vel sannleiksgildi sagnanna og bera þær alls ekki í næsta mann ef þú ert í minnsta vafa um að sannleiksgildi þeirra. Og jafnvel þótt þú sért sannfærður um að sögurnar séu réttar, þá þarftu alltaf að þhuga það vandlega hvort þú sért að valda náunga þínum sárindum eða skaða áður en þú hvíslar sögunum áfram, því aðgát skal ávallt höfð í nærveru sálar.

Ég ætla alls ekki að reyna að fría sjálfan mig í þessum efnum. Ég hef í gegnum tíðina heyrt margar krassandi sögur úr samfélaginu sem ég hef síðan endursagt, samfærður um að ég væri eingöngu að gera eins og allir hinir, þ.e. **bara segja frá því sem mér var sagt**, en sjaldnast spáð í sannleiksgildi sagnanna eða afleiðingarnar sem söguburðirinn




Sturla Páll Sturluson. gæti haft.

Nú hef ég hins vegar fengið að upplifa þá óskemmtilegu lífsreynslu að hafa verið þolandi rætinnar kjaftasagna og einnig horft uppá einstaklinga og fjölskyldur sárþjáðar og kvaldar undan slíkum söguburði, án þess að geta lyft hönd fyrir höfuð sér. Sú reynsla hefur opnað augu mín fyrir því hversu alvarlegt og ljótt mein kjaftasögur og rógburður getur verið, í annars jafn friðsælu og fallegu samfélagi og bærinn okkar er.

Það er eðli kjaftasagna og rógburðar að sjaldnast er vitað hver kemur þeim af stað og enginn veit hver fyrir þeim verður. Þú gætir þess vegna

orðið næstur, eða einhver úr þinni fjölskyldu eða vinahópi. Því miður munum við seint ná að útríma meininu sjálfu, en smitleiðin er vel þekkt og þar getum við, með samstilltu átaki og opnum huga, tekið höndum saman og heftað útbreiðslu þessa hvíleidda samfélagsmeins.

Með kærri kveðju, Sturla Páll Sturluson.



Gunnar Sumarliðason á Ísafirði verður 80 ára 30. október nk. Af því tilefni langar honum og fjölskyldu hans að gleðjast með ættingjum og vinum laugardaginn 28. október nk. Tekið verður á móti gestum í Sigurðarbúð frá kl. 18-22. Vonumst til að sjá sem flesta.

Sælkeri vikunnar • Linda Pétursdóttir á Ísafirði

Mexíkanskt lasagne

Sælkeri vikunnar sækir að þessu sinni innblástur til Suður-Ameríku í uppskrift sinni en Linda býður upp á mexíkanskt lasagne. Rétturinn er bragðsterkur og framandi en þó er ekki flókið að matreiða hann. Linda segir að með þessu sé gott að hafa ferskt salat, t.d. kál, tómata,

papriku og fetaost.

Mexíkanskt lasagne

- 1 kg hakk
- 1 krukka salsasósa
- 1 krukka tacosósa
- 1 krukka guacamole
- 1 krukka ostasósa
- 1 bréf tacokrydd
- 1 pakki mjúkar tortillakökur

Doritos ostasnakk Rifinn ostur

Steikið hakkið og kryddið með tacokryddinu. Setjið salsa sósuna og tacosósuna út á það. Setjið tortillakökur í botninn á smurðu formi og þar ofan á helminginn af hakkinu. Eitt lag af guacamole ofan

á hakkið og því næst annað lag af torillakökunum. Setjið næst er afganginn af hakkinu ofan á og hellið ostasósunni yfir. Myljið snakkið yfir og ljúkið svo verkinu með rifnum osti. Bakið í 200° í ca 45 mín.

Ég skora á Elísu Stefánsdóttur að verða næsti sælkeri vikunnar.



Ísafjarðarbær á ekki inneign hjá ríkissjóði vegna hjúkrunarkostnaðar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið fjármálastjóra bæjarins að kanna hvort bæjar-sjóður ætti inneign hjá ríkinu vegna úrskurðar gerðardóms um skiptingu kostnaðar milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga vegna meiriháttar viðhalds, tækjakaupa og stofnkostnaðar svæðissjúkrahúsa, deilda-sjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa. Á fundi bæjarráðs Ísa-fjarðarbæjar á dögunum var lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum gerðardóms í þessari deilu. Þar segir m.a.:

„Ástæða deilunnar er sú að í lok ársins 2002 samdi Sam-band íslenskra sveitarfélaga við ríkið um að sveitarfélög hættu að greiða þá 15% hlut-deild í framangreindum kostnaði sem þeim var að lögum skylt að greiða. Greiðslur ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfé-laga skertust á móti um sam-svarandi fjárhæð og sveitar-félögin spöruðu.

Samningur þessi var leiddur í lög með lögum nr. 78/2003

sem breyttu lögum um heilbrigðisþjónustu. Í framan-greindum samningi var hins vegar samið um það að sveitarfélög ættu áfram að greiða 15% hlutdeild vegna hjúkrunarheimila, endurhæfinga-stofnana, sjúkrasambýla og vinnu- og dvalarheimila samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.“

Deilan snerist um það hvort hjúkrunarrými inni á svæðis-, deilda- eða almennum sjúkrahúsum teldust hjúkrunarheimili eða ekki. Ef þau teldust til hjúkrunarheimila væri samkvæmt lögum um blandaða starfsemi að ræða og sveitarfélögin væru enn skyldug til að greiða 15% kostnaðar í samræmi við hlutfall hjúkrunarrýma af starfseminni. „Sam-band íslenskra sveitarfélaga taldi að hjúkrunarrýmin væru ekki hjúkrunarheimili í þessum skilningi og sveitarfélögin ættu að vera að fullu laus undan skyldu sinni til að greiða kostnaðarhlutdeild vegna framangreindra tegunda sjúkrahúsa hvort sem þar væru



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

hjúkrunarrými eða ekki. Reynt var að ná samkomulagi við ríkið en það tókst ekki og var samið um að vísa málinu til sérstaks gerðardóms“, segir í bréfi SÍS.

Fjármálastjóri bæjarins hefur nú kannað málið og segir í bréfi hans að Ísafjarðarbær hafi ekki tekið þátt í kostnaði

vegna meiriháttar viðhalds og tækjakaupa hjá Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Ísafirði frá þeim tíma að breytingar á lög-unum tóku gildi. „Af þeim sökum verður ekki séð að Ísa-fjarðarbær eigi inneign hjá ríkissjóði vegna slíks stofnkostnaðar“, segir í svari fjármála-stjóra.

– eirikur@bb.is

Störfin á Bolafjalli: Utanríkisráðherra vísar á Bandaríkjastjórn

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, lagði í síðustu viku fyrirspurn fyrir Valgerði Sverrisdóttur, utanríkisráðherra, um það hvort hún hygðist beita sér fyrir því að hætt verði við að flytja störf á vegum Ratsjárstofnunar frá landsbyggðinni. „Hvað er verið að spara?“, spurði Sigurjón í þingræðu. „Það er verið að spara í ráðuneyti utanríkisþjónustunnar sem hefur þanist út og á að þenjast út á næsta ári um einhverja milljarða. Er ekki nóg komið og ef það þarf að spara, hvers vegna þarf þá að fara á þá staði sem standa höllum fæti, frá forseti?“ Utanríkisráðherra svaraði því ekki til hvort hún hygðist beita sér fyrir því að hætt verði við að flytja störf stofnunarinnar til Reykjavíkur, heldur vísaði á Bandaríkjamenn.

„Ratsjárstöðvarnar fjórar sem hér um ræðir eru reknar af Bandaríkjastjórn—ég endurtek: eru reknar af Bandaríkjastjórn, sem hefur gert stíffar kröfur um hagræðingu í rekstri þeirra m.a. vegna tilkomu tæknibreytinga sem stuðlað hafa að sjálfvirkni stöðvanna og fækkun starfsmanna samfara þeirri þróun, sem hefur reyndar alls staðar átt sér stað. Það er því mis-skilningur hjá hv. þingmanni



Horft ofan af Bolafjalli og til Bolungarvíkur.

sem sagði áðan að það væri verið að tala um að spara í utanríkisráðuneytinu. Það er Bandaríkjastjórn sem rekur þessar stöðvar.“

Í samtali við blaðið sagði Sigurjón þetta svar Valgerðar vera fáránlegt. „Hún segir að þetta sé ekki hennar ákvörðun heldur Bandaríkjanna, en Ratsjárstofnun er á fjárlögum íslenska ríkisins. Og ef ég vil að þessari ákvörðun verði snúð á ég sem sagt að senda fyrirspurn til Bush en ekki Valgerðar.“

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks í Norðvesturkjördæmi, sagði

í umræðunum á Alþingi það vissulega rétt að menn þyrftu að aðlagja sig breytingum í alþjóðastjórnarmálum eða á tæknisviði, en lagði áherslu á að Ratsjárstofnun væri íslensk stofnun sem lyti valdi íslenskra ráðherra. „Ég tel það ekki skynsamlega stefnu hjá Bandaríkjamönnum að flytja störf frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Suðausturlandi til Miðnesheiðar. Íslensk stjórnvöld eiga ekki eiga að gera þá stefnu að sinni. Þau eiga að hafa sína eigin stefnu og dreifa þessum störfum í líkingu við það sem verið hefur. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að beita sér

fyrir því“, sagði Kristinn. Þá hvatti hann ríkisstjórnina, og sérstaklega iðnaðarráðherra, til þess að vinna að mótvægisáðgerðum á þeim atvinnusvæðum þar sem störfum fækkar vegna þessara breytinga.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, sagði að ráðherra ætti að axla ábyrgð í málinu og sjá til þess að ríkisstjórnin „sitji ekki uppi með þá skömm að draga endalaust úr opinberri starfsemi úti á landi“, eins og það var orðað úr þingstól.

– eirikur@bb.is

Prófkjör Framsóknarflokksins

Kristinn H. vill fyrsta sætið

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi, hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Framsóknarflokksins, þar sem hann sækist eftir fyrsta sætinu. Í tilkynningu frá þingmanninum segir m.a.: „Ég undirritaður, Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, hef ákveðið að gefa kost á mér í prófkjöri Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Þar mun ég sækjast eftir fyrsta sæti á framboðslista flokksins. Ég hef setið á Alþingi samfleytt síðastliðin fimmtán ár, eða frá árinu 1991.

Framboð mitt er grundvallað á þeim höfuðatriðum í stefnu Framsóknarflokksins að setja manngildi ofar á jafnari dreifing verðmætanna en áður. Mikil auðæfi hafa safnast á fáar hendur en alltof margir búa við kröpp kjör. Við þurfum tafarlaust að auka jöfnuð og huga sérstaklega að kjörum aldraðra og öryrkja. Við þurfum að jafna aðstæður með hliðsjón af búsetu, aðgengi að menntun og almennum lífsgæðum barna og fullorðinna. Við þurfum að styðja af alefli við ungt fólk sem er að hefja búskap og tryggja bæði öldruðum og sjúkum fyrsta flokks aðbúnað og umönnun. Til þessa á að horfa þegar við mörkum stefnuna fyrir komandi Alþingiskosningar.

Ég er kvæntur Elsu Björk Friðfinnsdóttur hjúkrunarfræðingi og eigum við samtals fimm börn.“



Kristinn H. Gunnarsson.

alla. Síðustu ár hafa verið umbrotatímar með mikilli verðmætasköpun og framförum á mörgum sviðum. En markaðsþjóðfélaginu og einkavæðingunni hefur fylgt ójafnari dreifing verðmætanna en áður. Mikil auðæfi hafa safnast á fáar hendur en alltof margir búa við kröpp kjör. Við þurfum tafarlaust að auka jöfnuð og huga sérstaklega að kjörum aldraðra og öryrkja. Við þurfum að jafna aðstæður með hliðsjón af búsetu, aðgengi að menntun og almennum lífsgæðum barna og fullorðinna. Við þurfum að styðja af alefli við ungt fólk sem er að hefja búskap og tryggja bæði öldruðum og sjúkum fyrsta flokks aðbúnað og umönnun. Til þessa á að horfa þegar við mörkum stefnuna fyrir komandi Alþingiskosningar.

Ísfirskir stjórnmálamenn í prófkjöri Samfylkingarinnar

Nú á helginni fer fram prófkjör Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Alls hafa ellefu manns boðið sig fram og meðal þeirra eru tveir ísfirskir stjórnmálamenn sem hafa vakið athygli í bæjarpólitíkinni hér vestra, þau Bryndís Friðgeirsdóttir og Sigurður Pétursson. Bryndís sat lengi vel í bæjarstjórn Ísafjarðar og síðar Ísafjarðarbæjar, en lét af sveitarstjórnarstörfum síðastliðið vor, en í þeim kosningum leiddi Sigurður Í-listann, sameiginlegt framboð Samfylkingar, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs og Frjálslyndra og óháðra. Bæjarins besta hóaði í þessa þekktu stjórnmálamenn og lagði fyrir þá nokkrar spurningar um málefni Samfylkingarinnar og komandi kosninga.

Hvaða málefni í stefnu Samfylkingarinnar eru þér hugstæðust nú fyrir prófkjörið? Og hvernig hyggstu koma þeim málefnum áleiðis innan flokksins?

Sigurður Pétursson: „Samfylkingin er flokkur jafnaðarmanna á Íslandi. Allir sem aðhyllast jafnrétti, réttlæti og jöfnuð í samfélaginu eiga samleið með Samfylkingunni. Þau stefnumið Samfylkingarinnar sem fram koma í stefnuskrá og starfi flokksins og höfða sterkast til mín eru áherslur í auðlindamálum og félagsmálum auk mennta- og utanríkismála. Að landsmenn allir sameiginlega eigi skýllausan rétt til auðlinda lands og þjóðar, hvort heldur það eru fiskimiðin, fallorkan, jarðvarminn eða aðrar auðlindir sem kunna að vera á landi eða hafsbótini. Skattamál og lífeyrismál eru mikilvægust félagsmála því þar hefur ríkisvaldið öflug tæki til að leiðrétta ójöfnuð í samfélaginu. Þessi tæki hafa í höndum hægriáflanna verið notuð til að auka misrétti og ójöfnuð í þjóðfélaginu síðasta áratuginn, svo sem verkalyðshreyfingin, aldraðir, öryrkjar og fleiri hópar hafa margbent á. Í þessum málaflokkum þurfa áherslur Samfylkingarinnar að komast í öndvegi. Fyrir þessum áherslum mun ég beita mér innan sveitarstjórnar og á landsvísu hvar sem því verður við komið. Því hef ég ákveðið að gefa kost á mér til forystusætis fyrir Samfylkinguna í Norðvesturkjördæmi.“

Bryndís Friðgeirsdóttir: „Það er afar brýnt að leiðrétta þann ójöfnuð sem sífellt hefur aukist í tíð ríkisstjórnarflokka. Velferðarkerfið okkar hefur færst frá hinu skandinávíska módeli til hins amer-



Sigurður Pétursson og Bryndís Friðgeirsdóttir.

íska. Þessu þarf að breyta. Við þurfum að jafna leikinn.“

Umhverfismálin

Eitt þeirra málefna sem hafa verið landsmönnum sérstaklega hugstæð síðustu misserin eru umhverfismál, sérílagi áætlanir um stóriðju og virkjanir. Meðal annars hafa komið upp hugmyndir um að lýsa Vestfirði stóriðjulaust svæði. Hvernig hyggstu takast á við þessi mál, annars vegar á landsvísu og hins vegar sem fulltrúi kjördæmisins?

SP: „Ég hef hingað til verið meðmæltur virkjunum fallvatna til að auka fjölbreytni atvinnulífs og styrkja undirstöður efnahagslífs þjóðarinnar. Hinar gríðarlegu framkvæmdir við Kárahnjúka og hvernig staðið hefur verið að málum þar af hendi stjórnvalda, hafa hins vegar vakið mig, einsog marga, til umhugsunar um framtíðarstefnu okkar í þeim málum. Ég tek heilshugar undir stefnu Samfylkingarinnar um að nú sé nóg komið af svo góðu og að við þurfum að endurskoða stefnu okkar í virkjana- og auðlindamálum, þar sem aukin tillit er tekið til náttúruverðmæta. „Stóriðja“ okkar Vestfirðinga hefur falist í fiskveiðum og fiskvinnslu. Engar

hugmyndir hafa komið fram um stórfelldan verksmiðjurekstur eða námavinnslu á Vestfirðum, og því auðvelt að samþykka hugmyndir um stóriðjulaust svæði. Ég tel að framtíð okkar Vestfirðinga muni annars vegar byggja á því að við fáum aukinn aðgang að fiskimiðunum og að hafa forystu í uppbyggingu fiskeldis. Hins vegar veltur framtíð okkar á þróun í háskóla- og rannsóknarstarfsemi. Uppbygging atvinnulífs á þessum sviðum er háð rannsóknum sem ganga út frá sjálfbærri þróun og sátt við umhverfið. Fyrir þessu mun ég beita mér þannig að Vestfirðir gegni forystu á þessu sviði auðlindanýtingar.“

BF: „Vestfirðir eru stóriðjulausir, eðli málsins samkvæmt. Þegar talað er um að uppi séu áætlanir um að lýsa yfir stóriðjulausum Vestfirðum, og jafnvel látið að því liggja að einhverjum snjöllum náunga hafi dottið þetta í hug, þá finnst mér betra að orða þetta á þann hátt að á Vestfirðum verði aldrei stóriðja, eða þungaðinaður, því hér eru einfaldlega ekki aðstæður til þess, jafnvel þó við vildum virkja allar þær lækjarsprænur sem finnast á Vestfirðum. Það er hins vegar mikilvægt

að vekja athygli á að Vestfirðir eru og verða stóriðjulausir.

Í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar er tímabært að staldra við og skipuleggja upp á nýtt atvinnulíf framtíðarinnar. Það getur ekki verið að fólkið í landinu vilji að þungaðinaður beri uppi íslenskt atvinnulíf meðan náttúran á í vök að verjast. Ég held að jafnvel stjórnarþingmenn hafi í upp- hafi ekki gert sér grein fyrir þeim áhrifum sem Kárahnjúkavirkjun hefur á allt hagkerfið svo ekki sé nú talað um náttúruna.“

Samgöngumálin

Hér vestra hafa það verið samgöngumálin sem einna helst hafa brunnit á mönnum. Hvaða skref telurðu að taka þurfi til þess að koma samgöngumálum á Vestfirðum í ásættanlegt horf, og hvernig telurðu að best verði að því unnið?

SP: „Vestfirðir eru áratugum á eftir öðrum landshlutum hvað varðar vegasamgöngur. Hluti vegakerfisins er frá því um miðja síðustu öld og lítil breyting ætlað að verða þar á, þrátt fyrir loforð á loforð ofan. Það þarf því að gera stóraták á næstu tíu árum í þessum málum, ef byggð á að styrkjast

hér: Klára Djúpveg og Vestfjarðaveg um Barðaströnd, gera göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar (og síðar áfram til Barðastrandar), önnur göng frá Bolungarvík til Ísafjarðar og þriðju göngin milli Djúps og Barðastrandar. Þá fyrst verða samgöngur á landi innan svæðis og til höfuðborgarinnar komnar í skaplegt horf. Þetta er forgangsmál fyrir atvinnulíf og byggðir Vestfjarða og það þarf að hnjúkavirkjun hefur á allt hagkerfið svo ekki sé nú talað um náttúruna.“

BF: „Vestfirðingar hafa setið á hakanum allt of lengi og beðið eftir að samgöngumál á Vestfirðum fái forgang. Þar er óþolandi ástand að búa við þau skilyrði að ekki sé hægt að komast á milli staða á Vestfirðum allan ársins hring. Sú staðreynd að ekkert vegasamband er milli suður og norður svæða Vestfjarða yfir vetrartímann og illfært að sumarlagi er ekki boðlegt. Samt þurfum við að hlusta á forystumenn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og samgönguráðherra fagna þeim mikla áfanga sem náðst hefur á undanförunum árum í samgöngumálum á Vestfirðum. Svo langt gengu þau í rangum, ef byggð á að styrkjast

fyrir bæjarstjórnarkosningarnar að ráðherra samgöngumála hótandi í nafni embættisins að ekki mætti búast við góðu ef íhaldið í Ísafjarðarbæ fengi ekki að sitja áfram við völd eftir kosningar. Nú vitum við hvað gerðist. Það litla sem var þó á áætlun var allt sviðið og niðurskurður í vegabótum á Vestfirðum blásti við nánast daginn eftir kosningar. Þess vegna er afar mikilvægt að vera á verði þegar sömu aðilar munu fyrir alþingiskosningarnar í vor fagna enn á ný áformum um stórkostlegar framkvæmdir sem eru væntanlega og þakka fyrir það mikla þerekvirki sem náðst hefur hér á Vestfirðum, já á flestum sviðum.“

Fólksfækkunin

Nú hefur kjördæmið mátt þola nokkra fólksfækkun á síðustu áratugum. Hvað telur þú mikilvægt að gert verði til að snúa þessari þróun við?

SP: „Síðasta áratuginn hefur Vestfirðingum haldið áfram að fækka ár frá ári. Erfið staða sjávarútvegs, kvótakerfið, einhæft atvinnulíf, lítil nýsköpun og veik forysta, tel ég helst ástæður fólksfækkunar. Það þarf að snúa við blaðinu á mörgum sviðum. Aukin réttur

til fiskveiða, þróun í fiskeldi, fjölbreytni í iðnaði, þjónustu og ferðamennsku, allt þarf að koma til. Auk þessa þurfum við öflugar menntastofnanir á öllum skólastigum og markvissa uppbyggingu rannsóknar- og háskólastarfsemi. Fari þetta saman munum við snúa þróuninni við. Hér þarf lík að koma til samhæfing atvinnulífs og stjórnvalda í gegnum áætlanir svo sem samgöngu-áætlun, byggðááætlun og vaxtasamning, en það eru mikilvæg tæki sem stjórn-málamenn geta haft bein áhrif á. Í þeim málum þarf vinstri höndin að vita hvað sú hægri er að gera. Það hefur vantað, og því hefur niðurtalningin haldið áfram.“

BF: „Það er mikilvægt að virkja einstaklingana og skapa þeim svigrún til athafna. Um leið og opinberum störfum hefur fækkað á landsbyggðinni þá hefur stærsta sveitarfélagið sent frá sér fagnaðarlæti og kærar þakkir og slegið upp veislu af minnsta tilefni. Þetta minnir óneitanlega á nýju förin keisarans. Þessu þarf að breyta, við þurfum einfaldlega að gera háværar kröfur hvar í flokki sem við stöndum. Ég tel að bætтар samgöngur um allan fjórðunginn sé grundvöllur þess að okkur fjölgi. Með bættum samgöngum er fólk frekar tilbúið til að setjast hér að og vera um kyrrt.“

Þátttaka Íslands í styrjöldum

Hver er afstaða þín til þátttöku Íslands, beinnar eða óbeinnar, í styrjöldum stórveldanna, á borð við Íraksstríðið?

SP: „Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar braut gegn þjóð og þingi með því að gera Ísland aðila að árásarstyrjöld Bandaríkjanna gegn Írak, án þess að bera það undir þjóðina eða lýðræðisstofnanir hennar. Aldrei fyrr hafa Íslendingar eða Lýðveldið Ísland verið árássaraðili í stríði. Eina leiðin til að þvo þennan smánarblett af þjóðinni og að Ísland verði aftur trúverðugur fulltrúi lýðræðis og mannréttinda í heiminum er að fella ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Ísland og Íslendingar mega aldrei aftur verða dregnir með þessum hætti inn í átök og stríðshörmungar.“

BF: „Íslendingar eru vopnlaus þjóð og eiga aldrei að taka þátt í að ráðast inn í önnur ríki. Það er mikill smánarblettur á þjóðinni að ríkisstjórnarflokkarnir skuli hafa samþykkt að ráðast inn í Írak. Forsendurnar voru byggðar á blekkingum og nú ríkir borgarastrið í landinu sem enginn sér fyrir endann á. Stríðið var háð á efnahagslegum forsendum þó þingmenn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi reynt að telja okkur trú um að árásin hafi verið gerð til þess að koma á lýðræði í landinu.“

Niðurskurður

Í hvaða efnum telurðu að íslenska ríkið megi helst draga saman seglin og skera niður?

SP: „Það er mörg matarholan á stóru búi. Þegar spurt er um sparnað og niðurskurð er mönnum gjarnt að benda á alla aðra en sjálfa sig. Það má örugglega spara í stjórnkerfinu (til dæmis utanríkisþjónustunni sem vaxið hefur gríðarlega síðustu ár), í landbúnaðarkerfinu og í ýmsum sjálfkrafa útgjöldum og gæluverkefnum. En það sem ekki má spara eru útgjöld til menntunar og félagsmála, þótt þar megi breyta áherslum og færa til fjármagn einsog annarsstaðar.“

BF: „Öllum þeim fjármunum sem utanríkisráðuneytið hefur varið í stofnun sendiráða víða um heim hefði mátt t.d. verja innanlands í mörg brýn verkefni.“

Innflytjendamálin

Nokkur umræða hefur verið um innflytjendamál síðastliðin misseri. Hvaða leiðir telur þú vera færar til þess að hjálpa innflytjendum á Íslandi til að fóta sig í samfélaginu?

SP: „Við verðum strax að efla alla þjónustu við útlendinga sem hingað sækja til búsetu til að upplýsa þá um réttindi sín í þjóðfélaginu, bæði á vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins. Lykilatriðin eru fyrst upplýsing og svo menntun. Íslensku kennsla fyrir alla þá sem hér setjast að, þarf að verða mun virkari og auðveldari fyrir fólk á vinnumarkaði. Menntun er líka aðalatriðið til að börn innflytjenda aðlagist þjóðfélagi okkar og að samfélagið njóti góðs af hæfileikum og reynslu þeirra. Við höfum vátin til að varast í mörgum nágrannalöndum okkar. Hugmyndum um að Ísafjarðarbær verði tilraunasamfélag í þessum efnum í samstarfi við Fjölmenn-ingarsetur og stjórnvöld þarf að fylgja eftir og gera að veruleika.“

BF: „Í fyrsta lagi þurfa stjórnvöld að móta stefnu í innflytjendamálum. Innflytjendum hefur fjölgað mjög hratt á undanförmum árum. Stefnumótun í málaflokknum er skammt á veg komin og þess vegan flækjast mál óþarflega lengi í kerfinu. Í stað þess að vinna markvisst í að koma til móts við allan þann fjölda sem vill setjast hér að hafa stjórnvöld brugðist við með því að nánast loka landinu fyrir fólki frá ákveðnum svæðum. Við þekkjum það vel hér á Vestfjörðum að íbúarnir eru reiðubúnir til að hjálpa fólki að fóta sig í samfélaginu en það er kerfið sem er oftast til trafala.“

– eirikur@bb.is

Það er ódýrara að vera áskrifandi!

Síminn er 456 4560



Vinna hafin við gerð aðalskipulags Bolungarvíkur

Fyrir skömmu hófst vinna við gerð aðalskipulags Bolungarvíkur fyrir tímabilið 2008-2020. Fyrra aðalskipulag Bolungarvíkur, sem náði yfir tímabilið 1980-2000, tók aðeins til þéttbýlisins en fyrirhugað aðalskipulag mun hins vegar ná til þéttbýlis og dreifbýlis. Skipulagsráðgjafi Bolungarvíkurkaupstaðar í verk-

efninu er Teiknistofan Eik ehf., á Ísafirði. „Eitt af því mikilvægara í slíki skipulagsvinnu er samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu. Til að tryggja sem besta niðurstöðu er mikil áhersla lögð á virka þátttöku þessara aðila í skipulagsvinnunni“, segir á bolungarvik.is. Unnið er nú að gerð vef-

svæðis á vef Bolungarvíkurkaupstaðar sem hýsa mun upplýsingar um framvindu verkefnisins þar sem jafnramt verður hægt að skila inn tilögum beint til skipulagsráðgjafa og með þeim hætti hægt að taka virkan þátt í þessu spennandi verkefni. Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag

og nær til alls landsvæðis þess. Árið 2008 eiga öll sveitarfélög á Íslandi að hafa lokið við gerð aðalskipulags. Þar setja sveitarstjórnir fram stefnu sína um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

– eirikur@bb.is



Snjóflóð féll á Árvelli fyrir rúmu einu og hálfu ári síðan og stöðvaðist það á fjölbýlishúsinu svo rúður brotnuðu.

Vilja rífa húsin á Árvöllum

Á fundi Fasteigna Ísafjarðarbæjar þann 12. október síðastliðinn var framkvæmdastjóra félagsins falið að leita eftir því við Ísafjarðarbæ að ráðist yrði í uppkaua á húseignum félagsins við Árvelli í Hnífsdal, hið fyrsta. Samkvæmt bréfi frá Fasteignum Ísafjarðarbæjar til bæjaryfirvalda er hér um að ræða 19 íbúðir og raðhús sem byggð voru árin 1981 og 1982. Um síðastliðin áramót var

bókfært verð þessara eigna 136 milljónir króna og áhvilandi skuldir 140 milljónir króna, en afborganir eru frystar samkvæmt samkomulagi við Íbúðalánasjóð. Matsvirði uppkaua samkvæmt matsgerð fulltrúa Ísafjarðarbæjar fram í bréfi sem félagið hefur skrifað bæjaryfirvöldum, og segir þar einnig að eignunum fylgi þó nokkur rekstrarkostnaður, þó svo engar tekjur séu af þeim. Segir bréfitari ekki óvarlegt að áætla að sá kostnaður nemi um 4 milljónum króna á ári.

„Á það skal minnt að nefnd sem undirritaður sat í, um leiðir til ráðstöfunar á umræddum húseignum hefur skilað áliti og íbúasamtök Hnífsdælinga hafa skilað áliti um framtíðarskipan mála við Árvelli. Það er ósk okkar að hægt verði að ganga til samninga um upp-

kaup þessara húsa þannig að hægt verði að losa félagið undan rekstrarskyldu af eignunum fyrir n.k. áramót, enda þarf Ísafjarðarbær að huga að framtíðarskipan þessara eigna hið fyrsta.“ Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að í tengslum við uppkaua Ofanflóðasjóðs á þessum eignum verði heimildar leitað hjá sjóðnum til að rífa húsin, sem og að frágangur verði tryggður á svæðinu.

Smáauglýsingar

Til leigu er fallæg 70m² íbúð á góðum stað í bænum. Stórar svalir. Uppl. í síma 867 6657.

Óska eftir 3-4ra herb. íbúð til leigu á Ísafirði. Upplýsingar í síma 894 4767.

Til sölu er 2ja herb. íbúð, 57m², við Reynimel í Reykjavík, rétt hjá HÍ. Íbúðin er mikið endurnýjuð. Uppl. í síma 894 4032.

Til sölu er gott og vel með farið Softon MS60 hljómborð. Uppl. í síma 864 4032.

Til sölu er Subaru Impreza árg. 97. Uppl. í síma 456 4028.

Vilja ekki meiri hraða

Leið ehf., félag um einka-fjármögnun vegamannvirkja, fór þess nýlega á leit við bæj-aryfirvöld í Ísafjarðarbæ að þau hlutuðust til um eða tækju afstöðu til þess að hækkaður yrði leyfður hámarkshraði í og við þéttbýli í Ísafjarðarbæ. Bæjarráð vísaði erindinu til bæjarstjórnar sem bókaði að „með tilliti til umferðisöryggis samþykkir bæjarstjórn Ísa-fjarðarbæjar að ökuhraði verði óbreyttur á þeim stöðum sem tillaga er um í bréfi Leiðar ehf.“.



Söfnuðu fyrir Rauða krossinn

Duglegir krakkar í Súðavík héldu tombólu dögnum og gáfu ágóðann 14.390 krónur til styrktar Rauða krossinum. Þau eru Tinna Rúna Snorradóttir, Laufey Kristinsdóttir, Dagný Ósk Axelsdóttir, Hrafn-hildur Pétursdóttir, Elín And-rea Helgadóttir og Sigurgeir Garðarsson. Eftir að féð var afhent var það lagt inn á reikning Súða-víkurdeildar. Rauði krossinn mun sjá til þess að hann komi að góðum notum.

Sýslumaður með vest-firskt eðalblóð í æðum

Kristín Völundardóttir er settur sýslumaður á Ísafirði til áramóta og leysir hún af hólmí Sigríði Guðjónsdóttur sem er í tímabundnu leyfi. Þegar starfinu sleppir snýr hún aftur til Hólmavíkur þar sem hún hefur verið sýslumaður frá 1. janúar. Kristín er í sam-búð með Kára Bergssyni og eiga þau saman dótturina Kar-lottu Rut. Bæjarins besta fannst við hæfi að kynna þessa ágætu konu betur fyrir bæjar-búum.

Við byrjum á því að fara aðeins yfir ættfræðina. Kristín er dóttir hjónanna Hildar Högnadóttur og Völundar Þorgilssonar og þó Kristín sé alin upp í Reykjavík, þá leyn-ist í henni vestfirskt eðalblóð.

Ég er nú eiginlega tvöfaldur Vestfirðingur. Í föðurætt er ég úr Aðalvík, föðuramma mín er Sigríður Guðmunds-dóttir frá Sæbóli og er það enn í eigu hennar og hennar fólks. Síðan er afi minn úr móðurætt héðan, Högni Helga-son, en langafi minn Helgi Ketilsson var hér íshússtjóri. Þannig að það þýðir ekkert fyrir fólk að sniðganga mig, því ég er jafn vestfirsk og það, segir Kristín og hlær. Ég hef til dæmis aldrei kennt mér meins þegar ég fer til sjós og rek það beint til þess að í mér eru vestfirsk gen.“

Menntavegurinn

„Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík og þá lögfræðiprófi frá Há-skóla Íslands. Síðan er ég með mastersgráðu í flug- og geim-rétti frá McGill University í Kanada.“

– Þetta er frekar sérstakt

geri ég ráð fyrir að fólk frá Íslandi taki master í flug- og geimrétti, hvað hvatti þig til þess?

„Það var einfaldlega „køkt-eill“ hjá Flugmálastjórn. Þegar ég var í laganámi sagði þáver-andi Flugmálastjóri laganem-um frá því að það væri enginn sem hefði sérhæft sig í flug-rétti. Það kviknaði áhugi hjá mér og ég fór að kynna mér málið og komst að því að það var bara einn skóli í öllum heiminum sem var að kenna þetta sem mastersnám. Ég sótti um þó einhverjir hefðu sagt að ég kæmist þar aldrei inn, það væru ekki það margir nemendur og litla Ísland væri nú kannski ekkert hátt skrifað. Það reyndist vera akkúrat öf-ugt, þeim fannst óskaplega spennandi að fá Íslending og konu þar að auki í þetta nám, þeir sögðu mér það svo þegar ég var komin út að það hefði einu sinni Íslendingur komið og stundað þarna nám en aldrei klárað. Þannig að ég var fyrsti Íslendingurinn sem kláraði Mastersgráðu í flug- og geimrétti.“

– Það vekur eflaust forvitni að þú hafir lokið gráðu í geim-rétti, hvað þýðir það svona fyrir okkur sem ekki vita?

„Það var nú grein um dag-inn í einhverju dagblaðinu um geimrétt sem laganemi hafði skrifað, hann gerði því ágætis skil. Geimrétturinn er ekkert ósvipaður þeim lagarétti sem gildir á úthöfunum. Það er að segja að það er meginregla varðandi úthaf að það er sam-eign alls mannkyns og sama er um geiminn. Síðan eru sett-ar reglur, umferðareglur, það eru viss umferðalög sem gilda



Kristín Völundardóttir, settur sýslumaður á Ísafirði.

í geimnum og það eru líka hreinsireglur, það er að segja, ef þú sendir eitthvað þarna upp sem getur valdið tjóni þá berðu tiltekna ábyrgð. Það eru reglur um það að þú megir ekki nema land þarna og það sem er kannski raunhæfast fyrir okkur og við skiljum best, eru lög varðandi gervi-hnetti, þeir eru náttúrulega uppi í geimnum og það getur bara ekki hver sem er sent þangað einhver tól og tæki, nema með því að skrá það og það er gert hjá stofnun sem heitir ITU, þar velur fólk sér hólff fyrir sinn gervihnött og sínar útsendingar. Það er mjög raunhæft, þetta eru allar sjón-veps- og útvarpsstöðvar sem senda í gegnum gervihnetti, þannig að þetta er alveg nauð-synlegt.

Einhvern tímann var nú tek-ið viðtal við mig eftir að sú saga, að hægt væri að kaupa sér land á Tunglinu, hafði gengið sem eldur í sinu um Ísland. Þá var haft samband

við mig til að athuga hvort að það væri rétt að fólk gæti keypt sér sumarbústaðarland á tunglinu. Ég varð því miður að tilkynna fólki það að þetta væri ekki heimilt, þetta er al-veg eins og þú getur ekki farið og afmarkað þér skika á út-hafinu, það er líka raunhæft, því þarna einhversstaðar getur til dæmis verið olía sem til-heyrir ekki neinum ríkjum og sama er um geiminn, það eru einhverjar auðlindir þarna uppi en þú getur ekki keypt af einhverjum Jóni Jónssyni skika í geimnum. Hinsvegar, ef þú átt tól og tæki til að koma þér þarna upp og byggja þar bú-stað, þá er kannski enginn sem getur rekið þig af skikanum, það eru ákveðnar reglur sem gilda en það getur í sumum tilvikum verið erfitt að fram-fylgja þeim. Núna er ég búin að rulla því upp í fimm mín-útur sem ég lærði á einu og hálfu ári.

Við erum á þessari stundu þrjú hér á Íslandi sem höfum

lokið þessu námi. Ein kona sem vinnur hjá Flugmála-stjórn og karlmaður sem vinn-ur hjá Samgönguráðuneytinu. Ég er sem sagt sú eina sem hef í raun ekki starfað við þetta, nema jú að ég kom að endurskoðun loftferðalaga á sínum tíma.“

Ferillinn og flutningarnir

– Hvað hefurðu þá verið að fást við eftir að námi lauk?

„Ég hóf störf hjá sýsmann-inum í Kópavogi þegar ég kom heim frá námi og ætlaði náttúrulega eins og allir sem byrja hjá sýslumanni að vera þar í mjög stuttan tíma en áður en ég vissi af voru liðin fimm ár. Þá fann fór ég til Ríkislög-reglustjóra (RLS) og var ráðin þar í hálf t starf í málefnum útlendinga og hálf starf hjá embættinu sjálfu. Það urðu miklar sviptingar á þessum tíma, útlendingaeftirlitið sem þá var, var deild hjá RLS, það

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hvalveiðar og virkjanir

Er samhengi á milli hvalveiða og virkjana? Tvímælalaust. Það hlýtur að vera á valdi ríkis sem telst fullvalda að nýta náttúruauðlindir með hagkvæm-um og eðlilegum hætti þegnum sínum til góðs. Dettur Íslendingum í hug að fara og reyna stöðva námugróft þar sem kol eru nýtt? Ekki enn að minnsta kosti. Þar er um að ræða afskipti af náttúrunni sem valdið hefur manntjóni við vinnsluna og mikilli mengun við nýtinguna. Rafmagn og heitt vatn frá virkjunum hafa skipað Íslandi og Íslendingum í þá stöðu að menga mun minna en þau ríki sem nota kol og olfu mun meira en við. Ekki þarf kjarn-orkuver til að framleiða orku á Íslandi. Einu sinni var London upplýst að hluta með feiti sem unnin var úr hvöllum.

Líkt og gildir um Kárahnjúkavirkjun og Hellisheiðarveikjun nú, sem enginn hefur reyndar mótmælt, fyrr en ferðapjónustan sér færi á því að Orkuveita Reykjavíkur kosti lagningu stíga og auðveldi ferðafólki umferð um Hellisheiði og Hengil, gildir um veiði á hval, að skoða þarf samhengi náttúrunnar. Allir hugsandi menn vita að hvalir eru stórar skepnur enda stærstu spendýr jarðar. Hvalur þarf að éta til að viðhalda sínum stóra skrokk og keppir við útgerðina um allan fisk, þar með talið loðnu, síld og þorsk. Ekki verður um það deilt að hvalir eru glæsileg dýr. Stofnar hafa verið að styrkjast og vísindamenn álíta að hvalastofnar sem heimilað hefur verið að

veiða úr þoli vel þá veiði sem leyfð hefur verið.

Það er reyndar umhugsunarvert að stór og mikil ríki eins og Bandaríki Norður Ameríku skuli telja sig þess umkomin að deila á Lýðveldið Ísland fyrir hvalveiðar. Ekkert ríki mun heimila hvalveiðar í svipuðum mæli og BNA. Japan nálgast þau kannski. En á sama tíma og hvalveiðar Íslendinga fara svo fyrir brjóstið á þeim hafa nánast jafn margir hermenn látið lífið í stríðinu í Írak og týndu lífi í hryðjuverkaárásunum 11. september 2001. Þá eru ekki taldir þeir sem slasast hafa og eru örkuðla, að ekki sé nú talað um þá sem koma heim meiddir á sálinni. Afleiðingar Vítmanstríðsins eru gleymdar að því er best verður séð, en munu minna á sig.

Kannski er það út í hött að bera saman stríð gegn fólki sem þekkir ekkert annað en ofbeldi og ógnarstjórn annars vegar og hvalveiðar hins vegar. Það er vísast rétt. Þótt flest líf hafi tapast fyrir allan stríðsrekstur, sem mannkyns-sagan greinir frá, réttlætir það ekki þennan samanburð. En skýtur ekki skökku við að meira liggi við að hugsa um velferð hvala en fólks? Þannig hafa mótmælendur virkjana minni áhuga á velferð Íslendinga en því hvort heiðarlönd fái að fjúka óareitt á haf út eftir því hvernig veðurfar þróast á Íslandi og hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki þurfi að linna afskiptum af því að landið fjúki náttúrulega á haf út. Á landgræðsla rétt á sér?

varð að sjálfstætt. Ég fór með og var lögfræðingur Útlend-ingastofnunar, lengi vel ein, þarna var ég til 2005 og fór þá til Dómsmálaráðuneytisins þar sem ég var í eitt ár sem deildarstjóri í útlendingamál-um. Þann 1. janúar tók ég við Sýslumannsembættinu á Hólmavík.“

– Hvers vegna vildirðu koma „vestur“?

„Ég hef enga eina ástæðu fyrir því, þetta var mjög ger-legt fjölskyldulega séð. Stað-an á Hólmavík losnaði þegar dóttir mín er eins og háls árs og þar sem ég hafði alltaf verið í borginni hafði ég einfaldlega ekki spád í það að fara út á land til starfa. Systir mín var hinsvegar á þessum tíma-punkti nýflutt hingað til Ísa-fjarðar, hún hafði riðið á vaðið og líkaði mjög vel. Þegar ég sá að staðan var laus á Hólma-vík þá spurði ég Kára hvernig honum lístist á. Hann var strax til í þetta enda bæði mikill útivistar- og landsbyggðar-maður. Þegar ég sá að það voru engar hindranir í vegin-um, var ekkert annað eftir en að sækja um og sjá hvað frú Lukka myndi lofa okkur. Við sjáum alls ekkert eftir þessari ákvörðun okkar, því þetta er búið að vera ein allsherjar un-aðsganga.

Það er alveg frábært að vera á Hólmavík, fólkið þar er svo gott, þetta er ólíkt samfélaginu hér á Ísafirði því hér er allt svo stórt og nándin ekki eins mikil. Félagslífið í Hólmavík er þannig að það er alltaf eitthvað um að vera, svo við tók-um þátt í söngskemmtunum, dansleikjum og öðru slíku en heimamenn eru mjög duglegir við að mæta á allar skemmt-anir. Þannig að það er ekki um það að ræða að manni hafi leiðst, þó kunningjar hafi haft

áhyggjur af því að við mynd-um einangrast og falla í gryfju þunglyndis, en það hefur ekki verið þannig og verður ekki þannig. Síðan komum við hingað og þetta er náttúrulega bara stórborg og þar sem ég er alin upp í stórborg voru þessi viðbrigði ekkert áfall, ekki al-veg búið að taka úr mér borg-arbarnið segir Kristín í gaman-sömum tón.“

Ísafjörður með augum gestsins

– Það er oft sagt að glöggst sé gests augað og það væri gaman að fá að vita hvað þú sáir eftir stutta veru hér að væri helsti styrkur Ísafjarðar og hver myndi þá vera helsti veikleikinn.

„Það á sem sagt bara að setja á mann tjöru og fjaðrir og senda í burtu strax. Það sem ég sé er að hér hefur átt sér stað alveg gífurleg upp-bygging. Gamli bærin hérna er yndislegur og ég veit fátt skemmtilegra en að fá mér bíltúr um hann, að keyra um þessar þröngu götur finnst mér alveg frábært og Edinborgar-húsið er eitt fallegasta hús sem ég hef séð. Ég held að þetta sé og verði styrkur bæjarins, þessi mikla uppbygging sem styrkir stoðir ferðaþjónust-unnar. Ég veit það sjálf eftir að hafa komið til mjög lítils bæjar lengst norður í Noregi sem heitir Röros. Þar búa varla fleiri en 100 manns en þangað koma milljónir ferðamanna á hverju ári eingöngu vegna þess að bærin hefur byggt upp ferðaþjónustuna á gamla útlitinu og gamla tímanum.

Ég held að uppbyggingin hér sé gífurlegur styrkur og sýni þá velmegun og þann metnað sem er að eiga sér stað hérna. Það sem mér finnst



Fjölskyldan saman komin, Kristín, Kári og Karlotta Rut.

hinsvegar leiðinlegt, og bið ég bæjaryfirvöld í leiðinni af-sökunar fyrirfram, er innkom-an í bæinn. Það er að segja þegar maður er að keyra Skut-ulsfjarðarbrautina fram hjá Steypustöðinni og þar um kring. Sá vegarkafli finnst mér mikil óþrýði. Þannig að ef þú klippir þennan bít frá, þá ertu komin inn í afskaplega fallegt umhverfi sem tekur vel á móti þér. Ég hef tekið eftir þessu á ferð minni um Vestfirði að það er eitthvað um það að þegar fólk er að koma inn í bæina er eins og þau svæði hafi orðið svolítið útundan. Þessi svæði eru þó fyrsta ásyndin sem gesturinn sér og jafnframt það síðasta við brottför. Persónulega er það þetta sem ég myndi stefna að breyta í framtíðinni ef ég væri við völd á þessum vígvelli. Annars finnst mér vera orðin afskaplega mikil breyting á Ísafirði frá því sem var og allt til hins betra. Við Kári höfum

bæði verið að koma hingað til Ísafjarðar í gegnum tíðina og fyrir hann var þetta bara skemmtilegt „áfall“, því Ísa-fjörður er allt annar bær en hann var fyrir tíu árum síðan. Það er alveg frábært hversu mikið og gott uppbyggingar-starf er búið að eiga sér stað. Mig langar að lokum að fá að upplýsa Strandamenn um það að engar áætlanir eða fyr-irmæli eru um það fækka sýslumannsembættum og þessu til staðfestingar get ég bent á það að ég var á aðalfundi Sýslumannafélagsins um síð-ustu mánaðarmót, þar sem að ráðuneytisstjóri Dómsmála-ráðuneytisins tók það sérstak-lega fram að með sameiningu löggæsluumdæma væri ekki verið að fækka sýslumanns-embættum og það stæði ekki til. Ég tel það mikilvægt að þetta komi fram“, sagði Krist-ín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði.

– annska@bb.is

Suðureyri þekktasta sjávarþorp Íslands 2008

Mest allt hlutafé félagsins Sjávarþorpsins Suðureyri hef-ur verið selt en stefnt er að því að því verði lokið fyrir áramót. Markmið Sjávarþorpsins á Suðureyri er að efla atvinnulíf og bæta mannlíf á Suðureyri og í nágrannasveitarfélögum með markvissri uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Að því er fram kemur á vef Suð-ureyrar er stefnt að því að árið 2008 verði Suðureyri þekkt-asta sjávarþorp á Íslandi með blómstrandi mannlíf og fjöl-breytt atvinnulíf.

Verkefnið er hugsað sem þriggja ára uppbyggingarstarf og gera áætlanir ráð fyrir um-talsverðum fjárfestingum tengdu þessu verkefni á Suð-ureyri næstu þrjú árin. Á vef Suðureyrar er að finna hlut-verk, markmið og stefnu klasasamstarfsins auk lista yfir eigendur og styrktaraðila



Suðureyri.

verkefnisins. Fyrirtæki var stofnað um klasasamstarfið um síðustu áramót og heitir það Sjávarþorpið Suðureyri ehf.

Mun það halda utan um mark-aðsmál þjónustuaðila á Suður-eyri og markaðsetja þorpið sem eina heild undir merkinu

Sjávarþorpið Suðureyri – „The Original Fishing Vill-age“.

– thelma@bb.is



Lögreglan á Ísafirði

Hafnarstræti 1 · 400 Ísafirði
sími 456 3730 – myndsími 456 4572

Héraðslögreglumenn

Lögreglan á Ísafirði auglýsir eftir héraðs-lögreglumönnum. Þetta er kjörið tækifæri fyrir dugmikið fólk, jafnt konur sem karla.

Héraðslögreglumenn vinna ávallt með skólagengnum lögreglumönnum. Þeir vinna aðeins á álagstímum. Þeir fá sérstakt álag greitt tvisvar á ári. Þeir fá greitt fyrir hverja staðna klukkustund. Síðast en ekki síst, þeir öðlast dýrmæta lífsreynslu og þekkingu.

Kröfur til umsækjanda eru:

A) Að þeir séu á aldrinum 20-40 ára og vera íslenskir ríkisborgarar.

B) Hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.

C) Vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis.

D) Hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri (78 ein.).

E) Hafa gott vald á íslensku, einu Norð-urlandamáli auk ensku eða þýsku. Hafa al-menn ökuréttindi til bifreiðaaksturs.

F) Kunna að synda.

Upplýsingar gefur Önnundur Jónsson, yfir-lögregluþjónn í síma 450 3737.




ÍSAFJARÐARBÆR

LEIKSKÓLINN BAKKASKJÓL

Starfsmaður óskast á leikskólann Bakkaskjól í Hnífsdal. Um er að ræða 30-50% stöðu vegna afleysinga. Við-komandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Berglind Grétarsdóttir, leikskólastjóri í síma 456 3565.



➤ Saman náum við árangri - um allan heim

Hjá Samgripum fara saman kræfur og aðkræfugur nýrjar kynslóðir og ómótanleg ástuga reynsla. Við leggjum matnað okkar lið-vetta viðskiptavinum. Íreiðanleggar heildarlausnir á viði flutninga um alannheim og höfund byggja upp samfentan hóp og traust flutningaakerfi sem tryggja skjóla og örugga fjölskyldu jafn ísmálandi sem utan.

MultiStar® Satellite America, Brazil, Canada, Europe, Mexico, Norway, Russia, Saudi Arabia, South Africa, South America, Spain, Sweden, Switzerland, Taiwan, Thailand, Turkey, USA, UK, Vietnam, Zimbabwe





Verðlaunahafar ásamt dómnefnd.

Upprennandi myndlistarmenn tóku þátt í teiknimyndasamkeppni

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar og Penninn í samstarfi við menningahátíðina Veturnætur efndu til teiknimyndasamkeppni fyrir börn og unglinga frá 4-15 ára. Keppnin var opin öllum börnum á aldrinum 4-15 ára. Viðfangsefni myndanna átti að vera „Veturinn minn“ en keppt er í fjórum flokkum 4-5 ára, 6-8 ára, 9-12 ára og 13-15 ára. Verðlaunaafhendingin fór

fram í Edinborgarhúsinu á sunnudag en veitt voru þrenn verðlaun í hverjum flokki auk sérstakra verðlauna fyrir bestu myndina. Þátttaka í keppninni þótti góð og hver veit nema þar hafi leynst upprennandi myndlistarmenn framtíðarinnar. Að lokinni verðlaunaafhendingu var haldin sýning á öllum myndum sem berast í keppnina um þá helgi frá 16-18. — *thelma@bb.is*

Veturnóttum lauk með flugeldasýningu

Lista- og menningarhátíðinni Veturnóttum lauk á sunnudag en hún er árlegur viðburður í Ísafjarðarbæ. Hátíðin þótti heppnast vel en hápunktur hennar voru hinir árlegu minningar-tónleikar um hjónin Sigríði Jónsdóttur og Ragnar H. Ragnar í Hömrum sem jafnframt voru vígslutónleikar hins nýja



Steinway-flygils, sem Tónlistarfélag Ísafjarðar keypti nýlega með tilstyrk Sunnukórsins, Rótarýklúbbs Ísafjarðar og fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja í bæjarfélaginu.

Meðal annarra dagskrárliða var verðlaunaafhending og sýning á verkum úr teiknimyndasamkeppni barna á vegum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og Pennans, útgáfutónleikar Móggu Stínu og kvöldvaka og kjötsúpa í Tjörúhúsinu í Neðsta-kaupstað. Lokaatriði hátíðarinnar var svo glæsileg flugeldasýning yfir Pollinum. Veturnætur var haldin í fyrsta sinn 1997.


Hátíðin var endurvakin fyrir tveimur árum og stefnt er að því að gera hana að árlegum viðburði.

Áslaug Alfreðsdóttir, hóteltjóri á Ísafirði, var einn helsti talsmaður þess að hátíðin yrði að föstum liði í mannlífina á svæðinu.

— *thelma@bb.is*



Flugeldasýning lýsti upp Pollinn á sunnudag og var rúsinan í pylsuendanum á menningarhátíðinni Veturnóttum.



KÉRASTASE
PARIS

HÁRKOMPANÍ

Föstudaginn 27. okt. kl: 12.00 - 16.30 býður Hárhöllin þér að koma á stofuna og þiggja hár- og hársvarðargreiningu þér að kostnaðarlausu.

Algeng hár- og hársvarðarvandamál:

Skemmdir vegna efna, hitastækja og sólar
Hárlos
Flasa
Klæði, þíringur
Fitumyndun
Þurrkur

TILBOÐ Á GREININGARDEGI

10% afsláttur af Kérastase vörum
15% afsláttur af djúpnæringarkúrum á stofunni

Vinsamlega þarftu tímanlega í greiningu í síma: 456 6363

Notast er við hátækniþúnað við greiningu

KÉRASTASE
PARIS

FÖNDURVÖRUR

**BARNA
FÖNDUR**

**SKRAUT
PAPPÍR**

**LAMPA
SETT**

*Föndurvörur
við allra hæfi.*

**PAPPÍR
&
SKRAUT**

**FÖNDUR
PAPPÍ**

**FÖNDUR
SKRAUT**

**FÖNDUR
LIMMIDAR**

Afgreiðslutímar

Office 1 ísland
Virke daga frá 10-18
Lengdaga frá 11-16
Sími: 550-4170

Office 1 Superstore

**MYNSTUR
GATARAR**

mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
26. okt., 301. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1961 hófst eldgos í Öskju í Dyngju-
fjöllum. Þetta var allmikið hraungos sem þótti stór-
kostlegt að horfa á. Gosið stóð fram í desember.

Pennan dag árið 1965 var Reykjanesbrautin, milli
Hafnarfjarðar og Keflavíkur, formlega opnuð til umferð-
ar, en þetta var fyrsti eiginlegi þjóðvegurinn sem var
lagður bundnu slitlagi. Framkvæmdirnar tóku fimm ár.
Í nokkur ár var vegatollur innheimtur við Straumsvík af
þeim sem fóru um veginn.

Pennan dag árið 1986 var Hallgrímskirkja í Reykjavík
vígð. Hún hafði verið í smíðum í 41 ár. Við vígsluna
gengu um tvö þúsund kirkjugestir til altaris, fleiri en
nokkru sinni áður hér á landi.

Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 8 árum



Gámabjónustan 10 ára

Fjöldi gesta kom í tíu ára afmælisfagnað Gámabjónustu
Vestfjarða um helgina. Ragnar Ágúst Kristinsson fram-
kvæmadstjóri byrjaði reksturinn á sínum tíma í félagi við
annan mann en tók síðan við honum alfarið sjálfur ásamt
konu sinni og hafa þau smátt og smátt byggt stórt og traust
fyrirtæki upp úr nánast engu. Ræður voru fluttar í afmæl-
isfagnaðinum eins og vera ber. Ræðupólitíð var sorptunna,
sem var hæfilega yfirfull svo að „borðplatan“ á púltinu hall-
aðist passlega mikið. Gámabjónusta Vestfjarða er sífellt
með eitthvað nýtt á þróunum. Fyrirtækið er farið að flytja
brotajárn suður til endurvinnslu og á döfinni er framleiðsla á
gróður mold eða moltu, en mikill skortur er á henni á svæðinu.
Til þess er ætlunin að nota garðaúrgang og hrossaskít sem
til fellur hér um slóðir. Fimm til sex manns starfa nú hjá
Gámabjónustunni og þrír bílar eru í rekstri.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustan 10-15 m/s og snjócoma eða slydda sunn-
an- og vestanlands. Hiti í kringum frostmark.

Horfur á laugardag:

Austanátt og rigning með köflum um sunnan- og vest-
anvert landið, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti 1-5 stig.

Horfur á sunnudag:

Austanátt og rigning með köflum um sunnan- og vest-
anvert landið, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti 1-5 stig.

Horfur á mánudag:

Austanátt og vætusamt, en þurrt norðvestantil. Kólnar.

Spurning vikunnar

Ertu sammála því að leyfa
veiðar á hval í atvinnuskyni?

Alls svöruðu 1.060. – Já sögðu 861 eða 81% – Nei
sögðu 137 eða 13% – Alveg sama sögðu 62 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmadstjóri Veturnætta

Velheppnaðar Veturnætur

Veturnætur heppnuðust vel. Það var mjög gaman á laugardeginum og heimikið um að
vera og tónlist í öllum verslunum. Það var Silfurtorg sem vann keppnina um fallegasta út-
stillingargluggann, en þeirra gluggi var kallaður Rauði glugginn. Um 20 gluggar tóku þátt
í samkeppninni svo að þátttakan var mjög fín. Kvöldvakan og kjötsúpan í Tjörúhúsinu var
fámenn en mjög skemmtileg. Ég heyrði líka að minningartónleikarnir í Tónlistarskólanum
hefðu gengið mjög vel. Við þurfum að fresta útgáfutónleikum Möggu Stínu um óákveðinn
tíma eða þar til geisladiskurinn er kominn út og einnig þurfti að seinka flugeldasýningunni
um hálf tíma vegna skyggis en hún tókst mjög vel“, segir Sigríður Kristjánsdóttir, fram-
kvæmadstjóri Veturnætta. Aðspurð hvort Veturnætur verði ekki haldnar að ári liðnu og
hvort hún muni sjá um framkvæmadstjórn á ný segir Sigríður: „Við skulum vona að Vetur-
nætur verði á sín en skulum sjá til með hitt.



„Allt opið í dag og rosalegir möguleikar“

Umræðan um unglinga á
glapstigum virðist oft springa
út í fjölmiðlum eins og ein-
hverslags tískubóla. Er þetta
raunveruleikinn sem við tök-
umst á við í dag í massavís-
eða er þetta kannski svo lítil
prósenta að það er nánast
óréttlætlanlegt að hafa þá ekki
meira af jákvæðum fréttum af
ungdómnum til að vega upp á
móti allri neikvæðinni. Hvað
finnst unglingunum sjálfum
um þessi mál? Eru við í raun-
verulegum vandræðum eða er
umræðan kannski helst til ykt?
Bláamaður fór og hitti að
máli þrjár hressar unglings-
stúlkur þær: Kátrínu Maríu
Gísladóttur, Júlíönu Haralds-
dóttur og Sunnevu Elfarsdótt-
ur.

– Hvernig er það að vera ungl-
ingur í dag?

„Það er alveg örugglega
mun minna frelsi en var fyrir
nokkrum árum síðan, það var
alveg örugglega skemmtilegra
þá.“

– Haldið þið að það sé
kannski meira aðhald en var?
Að það sé komin krafa um að
börn fái að vera börm lengur
en verði ekki fullorðin daginn
sem þau fermast?

„Já, það er alveg örugglega
þannig.“

– Hverjar teljið þið vera
helstu breytingarnar á því að

vera unglingur í dag og kann-
ski þegar að foreldrar ykkar
voru að alast upp?

„Það er til dæmis miklu
meira um bæði fíkniefni og
drykkju núna en þá var. Maður
þarf bara að passa sig miklu
betur og velja vel félagsskap-
inn sem maður er í. Það hefur
alveg örugglega ekki verið
þannig í gamla daga.“

– Verðið þið varar við
neyslu í kringum ykkur?

„Ekki beint.“

– En núna höfum við heyrt
í fjölmiðlum til dæmis að einn
stærsti markhópur fíkniefna-
sala séu skólakrakkar, hafið
þið einhvern tímann orðið var-
ar við beina sölu?

„Nei ekki beint til okkar en
við höfum frétt af því.“

– Fíkniefnaneysla er oft
tengd slakri sjálfsímynd og
það eru líka fleiri hlutir eins
og til dæmis Anorexia og Bú-
imía, hvernig horfa þessi mál
við ykkur?

„Við höfum nú ekki orðið
neitt sérstaklega varar við
þetta hér á Ísafirði.“

– Finnst ykkur umræðan
vera opin t.d. inn í skólanum?

„Innan vinahópa er umræð-
an opin þó að það eigi kannski
ekki við um stærri hópa.
Kennararnir hafa ekkert verið
að ræða þetta við okkur, helstu
forvarnirnar hjá þeim eru

öruggt kynlíf.

– Hvernig hefur forvarna-
starfi verið háttáð inn í skólan-
um, hafið þið verið að fá heim-
sóknir eða eruð þið með ein-
hverja vinnuhópa eða eitthvað
því um líkt?

„Það var einn fyrirlestur fyr-
ir skómmu í fíkniefnaforvörn-
um þar sem hann Magnús kom
sem hefur verið að fara um
landið með fyrirlestra byggða
á reynslu sinni. Síðan hefur
verið haldin samkeppni um
reyklausan bekk.“

Afl hópprýst- ingsins mikið

– Ég minnst þess að hafa
velt fyrir mér þegar ég flutti
hingað til Ísafjarðar fyrir tæp-
um sex árum síðan, hversu
vel hefði tekst til í forvarna-
starfi hér, því ég mundi vel
eftir hvernig það var að koma
hingað fyrir svona eins og
fimmtán árum. Síðan hef ég
séð hvernig virðist hafa hallað
undan fæti og ég verð meira
vör við unglindrykkju og
reykingar á meðal ungs fólks,

hvað haldið þið að hafi gerst?
„Það virðist bara aftur vera
orðið „kúl“ að vera í einhverju
rugli, afl hópprýstingsins er
mjög mikið.“

– Eru þá eldri krakkar að
koma inn og setja slæm for-

dæmi?

„Það er eitthvað um það,
þau allavega hafa einhver
áhrif, sérstaklega hvað varðar
fíkniefnaneysluna. Framboð á
fíkniefnum er náttúrulega allt-
af að aukast og þeir sem eru
eldri hafa greiðari aðgang að
þeim. Þannig að þeir sem
yngri eru geta nálgast efnið í
gegnum þá sem eldri eru.“

– Hvernig sjáið þið forvörn-
um best háttáð?

„Þessir hlutir hafa alltaf verið
ræddir við okkur annað
slagið, en það sem við höldum
að virki er svona eins og þegar
hann Maggi kom og deildi
reynslu sinni með okkur.
Þarna er maður sem hefur per-
sónulega reynslu af því hvað
svona getur gert, en hefur ekki
bara fræðst um það. Það breytir
mjög miklu um það hvernig
maður lítur á það, það er alveg
líklegt að fólk segi ekki alveg
rétt frá ef það hefur ekki próf-
að hlutina sjálft.“

– En hvað með félagslífið,
nú hefur Félagsmiðstöðin verið
á svolitlum hrakhólum. Finnst
ykkur nóg um að vera,
eða finnst ykkur kannski
meira en nóg um að vera?

„Það er náttúrulega ekki nóg
um að vera núna, þegar það er
ekki almennileg félagsmið-
stöð.“

„Stúlkurnar segjast lítið

Friðrik endurkjörinn formaður LL

Friðrik Stefánsson var end-
urkjörinn formaður á aðal-
fundi Litla leikklúbbsins sem
haldinn var í Edinborgarhús-
inu fyrir stuttu. Hann hefur
verið formaður LL frá 2003.
Tveir stjórnarmeðlimir gáfu
ekki kost á sér til áframhald-
andi stjórnarsetu og voru aðrir
kjörnir í þeirra stað.

Núverandi stjórn er því
skipuð Júlíus Ólafsson gjald-
keri, Sunneva Sigurðardóttir
ritari, Þórunn Jónsdóttir og
Ólöf Hildur Gísladóttir. Úr
stjórn Þróstur Ólafsson og
Viðar Sveinbjörnsson. Fyrir-
hugaður er framhaldsaðal-
fundur á næstunni þar sem rætt
verður nánar um stöðu og
verkefni LL.



Núverandi stjórn: Júlíus Ólafsson, Ólöf Hildur Gísladóttir,
Sunneva Sigurðardóttir, Þórunn Jónsdóttir og Friðrik Stefánsson.

Allar borgir í grunninn eins og Ísafjörður



„Má segja Ísafjörður? Ég hef látið hafa eftir mér að í grunninn séu allar borgir eins og Ísafjörður, nema hvað þær stærri hafa betri meðaldreifingu af sjoppum og vídeóleigum. Nú er ég hinsvegar svo heppinn að búa í sjoppu- og vídeóleiguverfinu á Ísafirði og því alltaf stutt að fara til að gera sér glaðan dag. Ekki spillir svo fyrir að þar býr fjölskylda mín og vinir, og fjandinn allur af öðru góðu fólki sem gaman er að tala við og hanga með svo finnst mér líka Reykjavík! og Berlín finar... sem og Lund- únir. Mér finnst voða gaman allsstaðar og geri helst ekki upp á milli staða - heldur fólksins sem er á þeim.“



Djarfur dans

Jón Bjarnason og Einar K. eru sigurvegarar vikunnar. Jón ruslaði upp þjóðarpúlsi Gallup í NV kjördæmi. Reyndar komu Einar K. og hans menn líka vel undan vetri þessa púls. Einar K. skoraði hins vegar mest á hvalveiðiútspilinu. Hann er auðvitað mest að hugsa um komandi áttök í flokknum vegna uppstillingar og nú stendur hann mjög sterkur í kjör- dæminu. Vestfirðingar eru mjög sátir við ákvörðun Einars um að leyfa hvalveiðar á ný. Spurning hvort orð sjávarútvegsráðherra Bretalands séu eitthvað sem við ættum að taka mark á en hann segir að Íslendingum muni hefna fyrir að hefja hvalveiðar og spáir því að Bretar muni snið- ganga íslenskar vörur og þjónustu. Á að refska fiskútflýjendum, útgerð- armönnum og Bónusfeðgum? Það eru þeir sem finna mest fyrir þessu ef kemur til refsiaðgerða. Síðan er það almenningur á Vestfjörðum og öðrum fiskiðnaðarsvæðum sem finna fyrir refsivendum. Hverju skila þessi ákvörðun? Ég tek það fram að mér þykir hrefnukjöt ágætt.

● Stuttar fréttir

Barnagæsla í ræktinni

Líkamsræktarstöðin Stud- io Dan á Ísafirði býður nú viðskiptavinum sínum upp á barnagæslu. Það er því engin afsökun lengur að fólk sé bundið yfir börnun- um til þess að bæta heils- una og koma sér í form. Barnapössunin fer fram í nýútbúnu barnaherbergi þar sem krakkar geta leikið sér, lítað eða horft á DVD. Aðsókn í Stúdíóið hefur aukist undanfarin ár og hafa síðustu þrjú ár verið metár. Sífelld er verið að auka við þjónustuna með fjölbreyttari líkams- ræktartímum og endurnýj- un á tækjakostnaði barnagæslan liður í því. Barnagæslan er í boði frá mánuðögum til fimmtu- daga frá kl. 13 til 14:30 og 17 og 19. Einnig er boðið upp á barnapössun á meðan spinningtíma stendur á laugardögum eftir kl. 12. Barnapössunin kostar 200 krónur á klukkutímann.



Ráðstefna um málefni eldri borgara

Ráðstefna um málefni eldri borgara verður haldin sunnudaginn 29. október nk., kl. 14 á 4. hæð Stjórn- sýsluhússins á Ísafirði. Aðal fyrirlesari verður Helgi Hjálmsón, varafor- maður landssambands eldri borgara. Hann mun kynna það sem efst er á baugi í málaflokknum. Jafnframt mun Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, flytja erindi. Í tilkynningu frá félaginu er eldri borg- arar eindregið hvattir til þess að fjölmenna og jafnframt allir þeir sem á einhvern hátt koma að málefnum aldraðra.



Sunneva Elfarsdóttir, Júlíana Haraldsdóttir og Katrín María Gísladóttir.

hafa nýtt sér félagsmiðstöðina þegar viðtalið var tekið í byrj- un skólaársins. Þeim fannst þessi blöndun sem er í gangi í Gamla Apótekinu ekki vera að virka nógu vel fyrir sig.“

– Er eitthvað nýtt sem þið viljið sjá inn í félagslífið?

„Meira af ferðalögum, meiri fjölbreytni ekki bara pizza- veislur og vídeó, annars er þetta yfirleitt ágætt.“

– Hverjar finnst ykkur vera helstu ógnirnar sem steðja að ungmennum í dag?

„Það eru fíkniefni. Ef þau væru ekki þá værum við ef- laust miklu frjálssari, við mætt-

um mun meira og það væri ekki þessi mikli agi frá for- eldum okkar. Hvað áfeng-ið varðar þá er kannski eins mikil hræðsla við það slíkt, heldur meira að áfengis- neysla leiðir oft til neyslu annarra efna.“

– Núna sjáum við glans- tímaritin gefa heldur skakka mynd af því hvernig ung- menni eiga að vera og þá er kannski helst skekkjan í því hvernig fólk á að líta út, finnst ykkur þetta vera að ná til unglinga?

„Já, það er oft spáð í það út frá þeim hvort einhver sé

feitur eða ekki og það sem við sjáum er að þetta er að ná til mjög ungra krakka. Það hefur breyst mikið bara frá því að við vorum stelpur, þá vorum við nú ekkert að hafa áhyggjur af svona. Þetta er eins með fíkniefnaneysluna, við sjáum í þessum blöðum að allar helstu stjörnurnar eru á kafi í dópi og það er bara eins og það sé kúl. Kate Moss svona falleg og fín, þó að við trúum því kannski ekki að hún eigi neitt frábært líf.“

– Hvar sjáið þið helstu tæki- færin við að vera unglingur í dag liggja?

„Það er allt opið í dag og það eru rosalega miklir mögu- leikar.“

„Finnst ykkur umræðan í fjölmiðlum varpa réttu ljósi á unglunga í dag?

„Nei, það er aðallega bara verið að ræða um einhverja unglunga í vandræðum og ekkert verið að tala um hina. Því staðreyndin er sú að það eru miklu fleiri sem eru bara með hausinn í lagi og eru ekk- ert að rugla með líf sitt. Það er oft eins og allir séu bara í einhverju rugli og þegar að sama tuggan byrjar enn einu sinni í sjónvarpinu þá er bara

best að slökkva því maður nennir ekki að rökræða þessa hluti við foreldra sína enn einu sinni. Auðvitað eiga for- eldrar að þekkja börnin sín það vel að þau sjái á þeim breytingar ef þau fara út í eitthvað rugl.“

Í lokin ræddum við aðeins framtíðarárformin sem voru mismunandi eins og að vilja fara í heimavistar skóla, helst svona eins og þeir voru í gamla daga eða bara vilja lifa fyrir líðandi stund. Bæjarins besta óskar stúlkunum vel- farnaðar í hverju sem þær kunna að taka sér fyrir hendur.

Ísland–Frakkland á Torfnesi

Ísland sigraði Frakkland í vinaleik menntskælinga í fótbolta á gervigrasvælinum á Torfnesi á föstudag en þar öttu kappi nemendur úr Menntaskólanum á Ísafirði og samstarfsskóla hans í Les Sables d’Olonne í Frakklandi, Lycée Sainte Marie du Port. Ekki fór sögum saman um það hvernig leikurinn fór en samkvæmt upplýsingum BB sögðu Íslendingarnir að lokastaða hefði verið 10-3 en Frakkarnir héldu því fram að hún hefði verið 7-3. Sigur heimamannanna var þó óumdeilan- legur. 30 nemendur og 4 kennarar frá Lycée Sainte Marie du Port heimsóttu Ísafjörð í síðustu viku. Á meðan dvöl þeirra stóð unnu þeir að verkefnum sínum sem snúa að jarðhita, húsagerð, menningu og listum. Frakkarnir sóttu nokkra fyrir- lestra þar að lútandi og fylgdu félögum sínum í einhverjar kennslustundir. Um helgina voru frönsku gestirnir kvaddir með kvöldverði í Krúsinni þar sem matreiðslumenn Fern- ando’s reiddu fram kræsingar og kveðjuhöfi.

Frakkarnir voru margir hverjir að heimsækja Ísafjörð í fyrsta sinn og hrifust þeir mest af stórbrotnu landslaginu. Þeir voru samróma um að hafa eignast marga vini hér vestra og að þeir myndu pottþétt koma aftur í heimsókn ef tækifæri til þess byðist. Þá mun hópur frá Menntaskólanum á Ísafirði endur- gjalda heimsóknina eftir áramót og ætla Frakkarnir þá að heimta annan landsleik, en ekki þó í knattspyrnu heldur í ein- hverri íþrótt sem þeir hafa náð betri tókum á.





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Sjáumst á Suðureyri!



Menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir 7,8% fækkun nemenda í MÍ

Samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að nemendum Menntaskólans á Ísafirði fækki á næsta ári. Í ár eru 320 nemendur sem stunda nám við skólann, en samkvæmt frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir því að 295 nemendur stundi nám á næsta ári, og er það fækkun upp á 7,8% sem hlýtur að teljast umtalsverð fækkun. Frumvarpið gerir, samkvæmt heimildum blaðsins, ráð fyrir 4,1% lægri fjárveitingu til MÍ árið 2007 en á árinu 2006, og 11% lægri fjárveitingu en árið 2005. Alls er gert ráð fyrir að spara 300 milljónir í rekstri framhaldsskóla á landinu öllu, og mun ætlunin sú að ná sparnaðinum fram með því að hækka lágmarksfjölda nemenda í námsþópum. Eins og gefur að skilja munu slíkar tilfæringar koma illa við lítinn skóla með fjölbreytt námsframboð, eins og MÍ er, og er þar kannski komin útskýringin á því hvers vegna

ráðuneytið gerir ráð fyrir fækkun á nemendum.

Samkvæmt rekstrarreikningi Menntaskólans á Ísafirði fyrir árið 2005 var tap ársins 12,5 milljónir kr. Ekki hefur farið fram milliuppgjör árið 2006. Við upphaf síðasta skólaárs voru 322 nemendur innritaðir í dagskóla, og sagði Ólína Þorvarðardóttir, fyrirverandi skólameistari, í samtali við bb.is þá að þeir væru 42 fleiri en viðmið menntamálaráðuneytisins í fjárveitingum gerðu ráð fyrir. Þá voru einnig ríflega 50 nemendur skráðir í kvöldskóla.

Eins og fram hefur komið lagði Jón Bjarnason, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, fram fyrirspurn á dögnum til menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, um nám á framhaldsskólastigi á suðursvæði Vestfjarða, en undirbúningsstarf hefur verið í vinnslu fyrir slíkt nám um



Menntaskólinn á Ísafirði.

nokkurt skeið. Fyrirspurnin var svohljóðandi: „Hvernig hyggt ráðherra koma til móts við óskir íbúa á suðursvæði Vestfjarða, þ.e. í Vesturbyggð og Tálknafirði, um nám á framhaldsskólastigi í heima-

byggð?“ Velta margir því nú fyrir sér hvort niðurskurður á Ísafirði, og almennt á landsvísu, boði nokkuð gott fyrir menn á suðurfjörðunum.

Uppbygging Ísafjarðar sem þekkingarsvæðis hefur verið

stjórnmalámönnum hér vestra tóm í munni síðustu árin, og hefur meðal annars verið stofnað hér háskólasetur sem vísir að háskóla og var nýlega hafinn undirbúningur að staðbundnu námi í því setri. Spyrja

því sumir sig í þessu samhengi hvort orðatiltækið um að auðveldara sé að fá fé til að setja stofnanir á fót en til þess að reka þær eigi hér við.

Menntaskólinn á Ísafirði var settur í 37. sinn nú í haust.

Fá leyfi til að setja upp eldsneytisgeyma

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt umsókn Skeljungs hf. um framkvæmdaleyfi til að setja upp eldsneytisgeyma fyrir flugvélaeldsneyti á Ísafjarðarflugvelli. Með erindinu sendi Skeljungur bréf frá Flugmálastjórn sem fram kemur að stjórnin hafi hvatt til þess að eldsneytistankar

yrðu staðsettir á flugvöllum.

Flugmálastjórn samþykkti staðsetninguna fyrir sitt leyti, auk þess sem yfirverkfræðingur Brunamálastofnunar samþykkti hana með fyrirvara um að tankar, afgreiðsludælur og annar búnaður skuli búinn viðeigandi árekstrarvörn og vera girtur af. Einnig var gerð-

ur fyrirvari um að allur búnaður sem tengist geymunum og notkun þeirra skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla á þessu sviði og vottaður af til þess bærnum aðilum.

Erindið er samþykkt með þeim fyrirvara að Umhverfisstofnun samþykki það.

– eirikur@bb.is



Ísafjarðarflugvöllur.

Í byrjun desember mun BB gefa út sérblaðið „Á aðventunni“ þar sem verður að finna fjölbreytt efni tengt adventu og jólum.

Á aðventunni

Frekari upplýsingar gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Deir aðilar sem hafa hug á að auglýsa fyrir jólin er bent á að panta tímanlega rými í blaðinu.

